



Fundargerðir bæjarráðs 1943

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarráð 1943.

Fundargerðir

BÆJARRÁÐS
REYKJAVÍKUR

1943

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 8. janúar, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá stjórn fjelags íslenskra myndlistamanna, dags. 15. desbr. síðastl., með tilmælum um að bæjarráð láti í tje lóð undir listasafn, þar sem þjóðminjasafn yrði og sett. Ennfr. lögð fram brjef þjóðminjavarðar dags. 16. f.m.og bandalags ísl. listamanna dags. 17. s.m, um málið. Ákveðið að fá umsögn Skipulagsnefndar um málið.
2. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar, dags. 31, dsbr. f.á, með umsögn um tillögu um byggingu Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæðinni.
3. Lagðar fram matsgerðir á leigu á iðnaðarlóðunum Skúlagötu 59 og Þverholti 15 a.
4. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 11. og 16. desbr. f.á. og 4. þ.m.
5. Bæjarráð felur bærjarverkfræðingi að taka í hendur bæjarins framkvæmdir við byggingu loftvarnabyrgja, ef þau verða byggð fleiri en orðið er. Að öðru leyti var borgarstjóra falið að ræða við loftvarnanefnd um þessi mál.
6. Bæjarráð veitir borgarstjóra heimild til að semja við herstjórn Bandaríkjahersins hjer um leigu á lóðum bæjarins, er setuliðið notar.
7. Lagt fram brjef frá A.S. Höjgaard & Schultz dags. 22. f.m., með upplýsingum um hvers vegna tafir hafa orðið við hitaveituvinnuna í Skothúsvegi og Tjarnarbrú.
8. Lagt fram brjef frá A.S. Höjgaard & Schultz, dags. 22. f.m., varðandi sölu á efnisvörum til hitaveitunnar sem liggja í Kaupmannahöfn. Falið borgarstjóra til athugunar.
9. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra, dags. 8. þ.m., um rannsókn á brotum gegn banni við notkun rafmagns til hitunar á tímabilinu kl. 10⁴⁵ - 12 á hádegi.
10. Beiðnum Bjarna Helgasonar, Kristjáns Kristjánssonar og Karls M. Jónssonar um rafmagnstaugar að húsum þeirra í Digraneshálsi, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
11. Lagt fram brjef frá ráðunaut barnaverndarnefndar, með tillögu um að bæjarráð leitist fyrir um leigu á húseign Oddfellowa við Silungapoll, til þess að stofna þar upptökuheimili fyrir börn á vegum nefndarinnar. Vísað til borgarstjóra til athugunar í samráði við framfærslustjórn.

12. Að gefnu tilefni í brjefi lögreglustjóra 21. f.m., varðandi greiðslu einkennisfatnaðar kvenlögregluþjóns, var borgarstjóra falið að ræða málið við lögreglustjóra og sakadómara.
13. Bæjarráð neitar greiðslu á reikningi frá Bjarna Eggertssyni, fyrrv. lögregluþjóni, yfir áhættuþóknun, aukavinnu og fatnaðarhlunnindi tímabilið 1. jan. - 30. júní síðastl.
14. Samþ. að ráða Kára Sigurbjörnsson sem verkstjóra við leigugarða bæjarins og fleiri hliðstæð störf, eftir tilvísun bæjarverkfræðings.
15. Samþykkt að setja Karl Friðriksson sem aðalverkstjóra bæjarins.
16. Með tilvísun til ályktunar bæjarstjórnar um að fela bæjarráði að láta fram fara ítarlega rannsókn á atvinnumöguleikum bæjarbúa, þegar núverandi ástandi lýkur, og á hvern hátt helst verði með opinberum aðgerðum stuðlað að blómgun atvinnuvega bæjarbúa, og þá einkum hvernig greitt verði fyrir vexti útgerðar frá bænum, ákveður bæjarráð að skipa 3 nefndir til að framkvæma rannsóknir þessar, eina fyrir sjávarútveg, aðra fyrir iðnað og þriðja fyrir ræktun og landbúnað. Ákveðið að fara þess á leit við eftirtalda menn að þeir taki sæti í nefndum þessum:
- A. Sjávarútvegsnefnd:** Kjartan Thors, Ingvar Vilhjálmsson, Sveinn Benediktsson
- B. Iðnaðarmálanefnd:** Helgi H. Eiríksson, Asgeir Þorsteinsson, J. Bjarni Pétursson, Sigurður Thoroddsen og Gylfi Þ. Gíslason.
- C. Landbúnaðarnefnd:** Valtýr Stefánsson, Einar Ólafsson, Arni G. Eylands, Ragnar Ólafsson og Finnbogi R. Valdimarssonar.
17. Lögð fram umsögn hagfræðings bæjarins um tillögur, sem bornar hafa verið fram um tryggingar starfsmanna bæjarins gegn tjóni, sem þeir kynnu að bíða á lífi og limum við störf sín í þjónustu bæjarins vegna hernaðaraðgerða.
18. Bæjarráð leggur til að gjaldkerum bæjarsjóðs, Rafmagnsveitu og Reykjavíkurhafnar verði greidd verðlagsuppbót á mistalningsfje skv. meðalverðlagsvísitölu.
19. Ákveðið að halda fund til að undirbúa fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár næstk. mánudag.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjartarson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, mánudaginn 11. jan., kl. 10 f.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Á fundinum var tekið fyrir og rætt lið fyrir lið frv. að fjárhagsáætlun fyrir bæjar-
sjóð árið 1943.

Var gengið frá frumvarpi, en allir bæjarráðsmenn áskildu sjer rjett til að bera
fram breytingartillögur.

Fundi slitið kl. 7³⁰ e.h.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Sígfrús Sigurhjararson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 15. jan., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindum Eyjólfssonar Þorvaldssonar Tjarn. 10 B og Jónasar Böðvarssonar Bjark. 12, um leyfi til að byggja bifreiðaskúra til bráðabirgða á lóð Ísbjörnsins við Skot-húsveg og Bjarkargötu, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
2. Samþ. að gefa vegagerð ríkisins kost á lóð undir áhaldahús úr landi Njarðar-stöðvarinnar, eftir útvísun síðar.
3. Lagt fram brjef frá Guðm. Marteinsyni, Baugsveg 26, með beiðni um kaup á ca. 1800 ferm. lóð, er hann hyggst að leggja við lóð sína Baugsv. 26. Bæjarráð vill ekki selja lóðarspilduna að svo stöddu, en fremur gefa umsækjanda kost á að leigja lóðina.
4. Borgarstjóra heimilað að semja við setulið Bandaríkjanna um greiðslu fyrir vatns-notkun frá Vatnsveitunni.
5. Lagt fram brjef frá Fjelagsmálaráðuneytinu, dags. 5. þ.m., varðandi gjaldskrá hitaveitunnar frá Þvottalaugunum.
6. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra, dags. 14. þ.m., um eftirlit með banni gegn rafmagnshitun um hádegið. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.
7. Samþ. að verða við erindi Hjálmars Þorsteinssonar og Co. um næturrafmagns-hitun á Klapp. 20. Falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
8. Samþ. að hita með næturrafmagni geymsluskýli við leikvöll Austurbæjarskólans.
9. Samþ. að ráða Guðlaug Narfason fastan starfsmann við línukerfi Rafmagns-veitunnar með launum skv. IX. flokki og Þorstein Sigurðsson sem línumann með launum skv. IX. flokki.
10. Samþ. að ráða fasta starfsmenn við Sundhöllina: Guðjón Þorsteinsson, Guðlaug Brynjólfsson, Guðmund R. Jónatansson og Níels B. Jónsson, með launum skv. XI. flokki. Ennfremur samþykkt að Friðjón Guðbjörnsson verði ráðinn vjelstjóri við Sundhöllina með launum eftir VI. flokki.
11. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í desbr. f.á.
12. Samþ. að fela gasstöðvarstjóra að leita eftir tilboðum um kaup á gaskolafarmi.

13. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 11. þ.m., með skýringum á reikningi yfir þóknun fyrir störf í þágu nefndar, sem á s.l. ári undirbjó almenningsmötuneyti í þágu loftvarnanefndar. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.
14. Karl Þorfinnsson, Vest. 42, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
15. Lagt fram brjef frá frú Kristínu Tómasdóttur dags. 4. þ.m., varðandi rjett yfir erfðafestulandinu Garðhúsabletti. Bæjarráð felst á, að með erfðafestulandinu verði talinn sá hluti landsins sunnan Mýrargötu, sem ekki fer undir götu, þegar gatna- skipun verður endanlega ákveðin.
16. Bæjarráð vill ekki verða við erindi starfsmanna í II. - IV. launaflokki um 20% uppbót á greidd laun árið 1942.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Péturson

Jakob Möller Sigfús Sigurhjártarson

Helgi H. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 22. jan., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist.

1. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu vegarstæði úr erfðafestulöndunum Litlubrekkubletti og Þormóðsstaðabletti, ef nauðsyn krefur til þess að fá vegarsamband við Skildinganesbyggðina vegna flugvallarins. Að öðru leyti var borgarstjóra falið vegargerðarmálið til afgreiðslu.
2. Lögð fram skýrsla Rafmagnsveitunnar um rannsókn vegna banns við rafmagnshitun kr. 10 45 - 12 daglega, á tímabilinu 14. - 20. þ.m.
3. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um krap við Ljósafossstöðina 20. - 22. þ.m.
4. Samþ. að gefa Sveinbirni Kristjánssyni Hvg. 39 kost á leigulóðinni Skúlagötu 60.
5. Eftir tilmælum Árna Jónssonar Hvg. 61 var samþ. að gefa Sigurmundi Pálssyni Þverh. 5 kost á lóðinni Efstasundi 49.
6. Lögð fram greinargerð rafmagnsstjóra fyrir áætlun hans um tekjur og gjöld Rafmagnsveitunnar og Sogsvirkjunnarinnar árið 1943.
7. Lagt fram brjef frá Vjelstjórastjórnunni Íslands, dags. 20. þ.m., með tilmælum um að vjelstjórnunni verði veittar kjarabætur.
8. Lagt fram brjef frá loftvarnanefnd, dags. 12. þ.m., með tillögu nefndarinnar um að keypt verði sólgler, er haft yrði til vonar og vara, ef mikill fjöldi af rúðum brotnuði samtímis í bænum, vegna sprenginga af hernaðarástæðum.
9. Lagðar fram umsóknir frá h.f. Hörpu og h.f. Sjóklæðagerð Íslands, um að fá vatn frá borholunni við Rauðará til hitunar á verksmiðjuhúsum þessara fyrirtækja. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við þessum beiðnum að svo stöddu.
10. Samþ. að tilnefna Gunnar Þorsteinsson bæjarfltr. í loftvarnanefnd, í stað Helga H. Eiríkssonar.
11. Lagður fram bráðabirgðareikningur Sumardvalar barna árið 1942.
12. Lögð fram skýrsla um athugun byggingarfulltrúa á möguleikum til að byggja íbúðarhús á óbyggðum lóðum innan Hringbrautar, svo og byggja við og hækka íbúðarhús, sem byrjað hefir verið á.

13. Bæjarráð vill ekki samþykkja að veita Grafningshreppi afslátt af skuld hreppsins vegna framfærslumála.
14. Rætt um nýbyggingu á lóðinni Bankastræti 14, við Skólavörðustíg neðanverðan. Falið bæjarverkræðingi til athugunar fyrir næsta bæjarráðsfundi.
15. Útsvarsmál: Ingólfur Hannesson Reykjanbr. Eskihlíð, Sveinn Kristjánsson Bók, 10, Sveinn J. Einarsson Bráðræði, Kjartan A. Kristjánsson Goh. Björnshús.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Sigfús Sigurhjartarson Guðm. Ásbjörnsson

Jón Axel Pétursson Jakob Möller

Helgi H. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 30. jan., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Magnúsi Gíslasyni og Kristni Jónssyni Lvg. 157 kost á leigulóðinni Efstasundi 20, með fresti til að hefja byggingu til 1. apríl n.k.
2. Erindi hestamannafjel. Fáks um að fá leigð nú í ár beitarlöndin í Geldinganesi og Breiðholti, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
3. Lagt fram brjef Guðm. Marteinssonar dags. 27. þ.m. með frv. að leigusamningi um lóðarspildu við Baugsveg. Bæjarráð vill ekki samþ. frumvarpið, en ítrekar fyrri samþykkt um að leigja honum lóðina með venjul. skilmálum.
4. Borgarstjóri skýrði frá áætluðum kostnaði við slysavarðastofu, sem rætt hefir verið um að stofna með aðstoð bæjarins. Bæjarráð telur frágangssök að stofna til stofnunar með þeim skilmálum sem boðin eru, en felur borgarstjóra nánari athugun málsins.
5. Borgarstjóri hreyfði því að ein hagkvæmasta leiðin til að bæta úr húsnæðisleysinu í bænum væri að byggja eina hæð ofan á verkamannabústaðina í Vesturbænum. Bæjarráð samþ. að fela borgarstjóra að leita samninga við Byggingarfelag Alþýðu um að slíkar byggingar verði leyfðar.
6. Tillaga um að breikka Skólavörðustíg neðanverðan, upp að Bergsstaðastr., frá því sem nú er fyrirætlað upp í 15 metra, var felld með 3:2 atkv.
7. Lagt fram brjef frá Magnúsi V. Jóhannessyni varðandi leigu á húsi Oddfellowa við Silungapoll til þess að reka þar upptökuheimili fyrir börn. Borgarstjóra falin nánari athugun.
8. Rafmagnsstjóra heimilað að gefa Víkingsprenti kost á rafmagni til næturhitunar.
9. Lögð fram skýrsla um eftirlit með notkun rafmagnsöfna um hádegisbilið, dagana 21. - 27. þ.m.
10. Lagðir fram reikningar frá h.f. Hvönn yfir útgerðarkostnað b.v. Geirs í nóvbr.-desbr. er skipið var að veiðum eftir tilmælum bæjarráðs og á ábyrgð bæjarsjóðs Skv. reikningum varð reksturhalli kr. 39.932,48 auk andvirðis 380 tonna af kolum.

11. Samþ. að greiða innheimtumönnum Gasstöðvarinnar samskonar fatnaðarstyrk og innheimtumönnum Rafmagnsveitunnar er greitt.
12. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra varðandi steinsteypustól pagerð.
13. Ástríður Hannesdóttir Njg. 65 sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi.
14. Lögð fram umsókn Arngr. Kristjánssonar skólastjóra um 1 - 1 1/2 árs frí með launum til utanfarar. Visað til umsagnar skólanefndar.
15. Lögð fram ársskýrsla Bæjarbókasafns Reykjavíkur árið 1942.
16. Eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna fer fram á að bæjarstjórnin tilnefni mann í nefnd til þess að undirbúa stofnun landssamband sveitarfjelagsmanna.
17. Bæjarráð vill ekki sinna erindi frá Bjarna Guðmundssyni um greiðslu verðlagsuppbótar á laun sem eftirlitsmaður með kolaverslun.
18. Vegna fyrirsjáanlegs greiðsluhalla bæjarsjóðs á fyrra misseri yfirstandandi árs, þar til útsvarsgreiðslur hefjast skv. gildandi lögum, telur bæjarráð æskilegt að sett verði löggjöf þess efnis, að sveitar- og bæjarstjórnnum verði heimilað að hefja innheimtu útsvara 1943 með þeim hætti, að gjaldendur greiði allt að 50% af útsvörum sínum 1942 með gjalddögum frá 1. mars. til 1. maí þ.á., eftir nánari reglum er settar verða. Felur bæjarráð borgarstjóra að beita sjer fyrir slíkri löggjöf.
19. Samþ. að fela O. Johnsson og Kaaber h.f. að annast kaup á kolafarmi handa Gasstöðinni, skv. tilboði firmans dags. í gær.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjartarson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 2. febr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Lagðar fram og ræddar tillögur, er borist höfðu til skrifstofu borgarstjóra, um breytingar á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 1943, frá fulltrúum flokkanna í bæjarstjórn: Alþýðuflokksins, Sameiningarflokks alþýðu - Socialistaflokksins og Sjálfstæðisflokksins.

Samþ. að leggja nokkrar tillagnanna fyrir bæjarstjórn sem breytingatillögur frá bæjarráði.

Fleira gerðist ekki.

Fundi Slitið.

Bj. Be.

G. Ás. Helgi H. Eir.

Jak. M. J.A. P.

Sigf. Sigurhj.

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 5. febr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Bæjarráð skipar nú, eftir kosningu á fund bæjarstjórnar í gær: Guðm. Ásbjörnsson, Helgi H. Eiríksson, Jakob Möller, Jón A. Pétursson og Sigfús Sigurhjartarson. Varamenn voru kosnir : Björn Bjarnason, Guðrún Jónasson, Gunnar Thoroddsen, Haraldur Guðmundsson og Valtýr Stefánsson.

Petta gerðist á fundinum:

1. Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðs, Guðm. Ásbjörnsson varaform. og Jón A. Pétursson ritari.
2. Lögð fram brjef loftvarnanefndar dags. 12. og 27. janúar varðandi fyrirhuguð kaup á sólgleri, svo og sýnishorn af glerinu. Bæjarráð neitar kaupum á glerinu.
3. Lögð fram umsókn Sjómannadagsráðsins um leyfi til að halda kappróðra Sjómannadagsins á Tjörninni. Þar sem ætla má [að] kappróðrarnir gætu haft áhrif á fulgálfið á Tjörninni var samþykkt að fá umsögn Náttúrufræðisfjelagsins um erindið.
4. Sigurjón Sigurðsson Von. 8 segir lausum störfum við fasteignamat Reykjavíkur vegna sjóndepru.
5. Lögð fram skýrsla um eftirlit með notkun rafmagnsöfnu um hádegisbilið, dagana 28. jan. - 3. febr.
6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Langholtsveg 49 við Jón Finnbogason Hörp. 28, eftir beiðni Kristínar Guðmundsdóttur Kjart. 1.
7. Samþ. að óska eftir umsögn heilbrigðisnefndar um erindi Elísabetar Valdimarsdóttur Lvg. 82 dags. 4. þ.m.
8. Íþróttafjelag Reykjavíkur fer fram á að bæjarstjórn veiti fjelaginu lóð undir íþróttahús innan Hringbrautar. Bæjarráð tekur fram, að það hafi ekki ráð á lóð í þessu skyni innan Hringbrautar.
9. Samþ. að gefa Sveini Jónssyni Miðtún 50 kost á leigulóðinni Miðtúni 52, gegn greiðslu á andvirði mannvirkja (graftar) á lóðinni, eftir mati dómkvaddra manna, nema að samkomulag verði.

10. Lögð fram skýrsla Jóhanns Jónasson búnaðarráðunauts um starfsemi hans í þjónustu bæjarins á liðnu ári. Borgarstjóra heimilað að greiða honum kr. 400. - grunnkaup á mánuði frá áramótum.
11. Lagt fram brjef frá Helga Elíassyni fulltrúa fræðslumálastjóra með tillögum um launakjör væntanlegs fræðslufulltrúa. Bæjarráð ákveður að launakjörin verði hin sömu og yfirkennarana við barnaskólana. Var borgarstjóra falið að semja við fræðslumálastjórnina um skiftingu kostnaðarins á milli bæjar og ríkis og auglýsa stöðuna til umsóknar.
12. Lagt fram brjef frá forstjóra Sundhallarinnar, dags. 26. janúar, með greinargerð um fyrirsjáanlegan reksturshalla á yfirstandandi ári. Falið borgarstjóra til athugunar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller

Helgi H. Eiríksson Sigfús Sigurhjártarson

Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 12. febr., kl. 5 síðdegis hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Matthíasi Sigfússyni að byggja málaravinnustofu úr vikursteini á erfðafestulandinu Laugarásbletti XI.
2. Samþ. með 3:1 atkv. að breyta ca. 1100 ferm. af erfðafestulandinu Sogamýri XIV í iðnaðarlóð, eftir nánari útvísun bæjarverkfæðings. Jón A. Pétursson greiddi atkvæði gegn breytingunni.
3. Samþ. að gefa Ragnari Guðmundssyni Laugarns. 36 kost á leigulóðinni Lauga-vegi 100, enda greiði hann mannvirki á lóðinni, eftir mati dómkvaddra manna.
4. Samþ. að leyfa Hjálmari Jónssyni að setja rishæð með kvisti á húsið Steinhóla við Kleppsveg.
5. Sam. að gefa Ingólfi Guðmundssyni Kjart. 1 kost á leigulóðinni Skúlagötu 54 sem Ragnar Guðmundsson afsalar sjer.
6. Samþ. að gefa Guðm. Gíslasyni Melhóli kost á leigulóðinni Efstasundi 16.
7. Erindi frá O. H. Helgason og co. um heitt vatn til hitunar hússins Borgartúns 4 synjað að svo stöddu.
8. Borgarstjóra heimilað að selja húseign bæjarins við Efstasund fyrir kostnaðar-
verð.
9. Stjórnarnefnd Sumarheimilis Templara sendir skipulagsskrá stofnunarinnar og tilmæli um að bæjarstjórn eigi þátt í störfum heimilis í Kumbaravogi. Samþ. að leita umsagnar framfærslunefndar, barnaverndarnefndar og barnavinafjel. „Sumargjafar” um málið.
10. Lagt fram brjef frá Mæðrastyrksnefndinni dags. 8. þ.m., varðandi afgreiðslu á tillögu um styrkhækkun til nefndarinnar á fundi bæjarstjórnar 4. þ.m. Bæjarráð telur upplýst að brjefið sje byggt á misskilningi.
11. Samþ. að tilnefna Steingrím Jónsson rafmagnsstjóra sem fulltrúa Rafmagnsveitu Reykjavíkur í sambandi ísl. rafveitna.
12. Lögð fram skýrsla Rafmagnsveitunnar um rannsókn á brotum gegn hitunarbanni mánuðinn 4. jan. til 3. febr.

13. Lagt fram brjef frá eigendum sumarbústaða við Álftavatn með tilmælum um að rafmagn verði leitt frá Ljósafossi að bústöðunum. Vísað til umsagnar rafmagns-
stjóra.
14. Lögð fram umsókn frá Tónlistaskólanum um verðlagsuppbót á styrk skólans úr
bæjarsjóði árið 1942. Bæjarráð getur ekki mælt með umsókninni.
15. Tennis- og badmintonfjelag Reykjavíkur sækir um 10 þús, kr. styrk til tennis-
vallargerðar.
16. Borgarstjóra falið að hefja samningaumleitaniir við eigendur kvikmyndahúsanna
Nýja Bíó og Gamla bíó um að bæjarsjóður kaupi húseignir þeirra.
17. Lagðar fram tillögur Gunnars Thoroddsen er samþykktar voru á fundi bæjar-
stjórnar 4. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller Guðm. Ásbjörnsson

Sigfús Sigurhjartarson Helgi H. Eiríksson

Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 20. febr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Eftir beiðni Einars Eyjólfssonar Týsg. 1, var samþ. að heimila borgarstjóra að skifta úr erfðafestulandinu Laugamýrarbl. IV ca. 500 ferm. lóð umhverfis íbúðarhúsið, eftir nánari útvísun.
2. Umsókn Eyjólf Jóhannssonar um 20 byggingarlóðir undir lítil steinhús á næsta sumri, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
3. Samþ. að heimila Mangúsi Gíslasyni ofl. og Benedikt Jónssyni að skifta á leigulóðunum nr. 20 og 24 við Efstasund.
4. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu Þvottalaugamýrarbl. V.
5. Erindi Rafmagnsstjóra um nauðsyn aukinnar aðstoðar rafmagnsverkfræðinga vegna fyrirhugaðar stækkunar Ljósafossstöðvarinnar, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
6. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um erindi sumarbústaðaeigenda við Álftavatn um rafmagnsleiðslu að bústöðunum.
7. Ingibjörg Ólafsdóttir Hvg. 69 ítrekar erindi sitt um að bæjarstjórn mæli með því að hún fái veitingaleyfi.
8. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í janúar.
9. Lögð fram skýrsla um handavinnunámskeið Heimilisiðnaðarjfelagsins árið 1942.
10. Borgarstjóra falið að hefja samningaumleitanir við Þuríði Bárðardóttur ljósmóður um að hún taki að sjer að stofna og reka mæðraheimili með styrk úr bæjarsjóði.
11. Lögð fram umsögn Náttúrufræðisfelagsins um erindi Sjómannadagsráðsins um leyfi til að hafa kappróðra dagsins á Tjörninni. Samþ. að verða við erindinu.
12. Bæjarráð fellst ekki á að greiða kostnað vegna kaupa á sjerstökum fatnaði á lögregluþjóna, er aka bifhjólum lögreglunnar.
13. Lögð fram skýrsla um kostnað vegna viðgerðar etc. á fatnaði lögregluþjóna árið 1942. Falið borgarstjóra til athugunar.

14. Lögð fram umsókn Markúsar Loftssonar um bætur vegna tjóns, er hann telur sig hafa orðið fyrir í bæjarvinnunni.
15. Erindi Páls Þorkelssonar Lvg. 40 B um bætur vegna sjúkdóms, er hann telur sig hafa fengið við vinnu í grjótnámi bæjarins, vísað til úthlutunarnefndar örorkubóta með meðmælum bæjarráðs.
16. Lögð fram tilkynning fjelagsmálaráðuneytisins, dags. 12. þ.m., um samþykki ráðuneytisins til útsvarsálagningar hjer í bænum skv. nýsamþykktri fjárhags-áætlun.
17. Lögð fram brjefaskifti við A.S. Höjgaard & Schultz út af afhendingu pípna frá lager hitaveitunnar ofl.

Fleira gerðist ekki.

Fundi sliðið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjartarson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 26. febrúar, kl. 5 1/2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð vill ekki fyrir sitt leyti leyfa byggingu á lóðinni Efstasundi 24. eftir uppdrætti, sem fylgdi brjefi Magnúsar Gíslasonar ofl. til byggingarnefndar, dags. 22. þ.m.
2. Samþ. að gefa Júlíusi Óskarsyni kost á bráðabirgðalóð nr. 106 við Kleppsveg.
3. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 23. þ.m.
4. Lagt fram brjef landlæknis, dags. 25. þ.m., varðandi áætlun um kostnað við fyrirhugaða slysavarðstofu.
5. Lagt fram brjef frá fræðslumálastjóra, dags. 18. þ.m., varðandi greiðslu kostnaðar við starfi væntanlegs fræðslumálafulltrúa.
6. Samþ. að greiða Rafmagnsveitunni leigu fyrir afnot bæjarins af Elliðavatni með veiðirjettindum árið 1942, kr. 2920. -
7. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bilanir á Sogslínunni og aðrar rafmagnstruflanir í síðastl. viku.
8. Lagt fram brjef frá Vjelastjórafjelagi Íslands dags. 22. þ.m., þar sem ítrekuð eru tilmæli fjelagsins um bætt launakjör fyrir vjelgæslumenn rafmagnsstöðvanna. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við erindinu að svo stöddu.
9. Samþ. að krefja ekki dráttarvexti af ógreiddum fasteignasköttum til bæjarsjóðs, þ.á.m. vatnsskatti og lóðarleigu, er fellur í gjalddaga 2. janúar þ.á., fyrr en eftir 1. apríl n.k.
10. Bæjarráð telur ekki unnt að greiða gamlar reikningefirstövar, ósundurliðaðar, er h.f. Kol og Salt telur til skulda.
11. Synjað erindi frá Jörundi Pálssyni loftvarnastjóra um greiðslu ferðakostnaðar vegna Englandsferðar, umfram það sem hann hefir áður fengið.
12. Lagð fram brjef frá Kristjáni L. Gestsyni með skýrslu og reikningum varðandi viðgerð og endurbætur á íbúðarhúsinu í Gufunesi. Málinu vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Sigfús Sigurhjarðarson
Jón Axel Pétursson Helgi H. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 12. mars, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Haraldi Gíslasyni Garð. 17 og Þorleifi Jónssyni Bjarg. 17 kost á leigulóð við Nóatún, eftir útvísun bæjarverkfræðings.
2. Samþ. að gefa Kristni Jónssyni Lvg. 157 kost á leigulóðinni nr. 23 við Efsta-sund.
3. Samþ. að gefa Pétri Ketilssyni Baugsv. 7 kost á leigulóðinni Hringbraut 42, enda greiði hann fyrir mannvirki á lóðinni eftir samkomulagi eða mati og hefji byggingu húss fyrir 1. maí n.k.
4. Samþ. að gefa Magnúsi Jónssyni kost á leigulóð nr. 17 við Langholtsveg, úr efðafestulandi hans Kleppsmýrarbl. I., eftir nánari útvísun- og með því skilyrði, að hann byrji á byggingu fyrir 1. maí n.k.
5. Samþ. að leigusamningur um lóðina Langholtsveg 15 verði gerður til 25 ára, enda sju þau skilyrði uppfyllt, sem um þær lóðir gilda.
6. Erindi frá Starfsmannafjel. Reykjavíkur, dags. 10. þ.m., um að hreinsunarmenn bæjarins verði ráðnir fastir starfsmenn, vísað til borgarstjóra til athugunar.
7. Umsókn Ásgeirs Bjarnþórssonar um lóðina nr. 19 við Kirkjuteig vísað til bæjar- verkfræðings til athugunar.
8. Lagt fram brjef póst- og símamálastjórnarinnar dags. 2. þ.m., með erindi h.f. Strætisvagna Reykjavíkur dags. 1.þ.m., um að fjelaginu verði leyft að haga áætlunarferðum í Skerjafjörð þannig, að í annari hvorri ferð verði aðeins ekið að Þorragötu, en í hinni að endastöðinni við Shell svo sem að undanfögnu. Bæjarráð getur ekki mælt með umbeðinni breytingu á ferðaáætluninni.
9. Eftir beiðni Helga Bjarnasonar Þórsg. 19 var samþ. að gera samning um leigu- lóðina Hrístateig 14 við Sigurgeir Sigurdórson Laugarnesveg 678.
10. Erindi Jónasar Sveinssonar um lóðarskiptingu hjá Tungu við Laugaveg vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

11. Lagt fram brjef frá verkakvennafjel. „Framsókn”, dags. 17. f.m., með nokkrum kvörtunum um aðbúnað í nýja þvottaúsinu við Laugarnar, með áritaðri umsögn Helga Sigurðssonar verkfr. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
12. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulöndunum Sogamýri XIV (án húseignarinnar Melavallar með lóð), Sogamýrarbl. XXV og LXII fyrir kr. 45.000.-
13. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd, dags. 16. f.m., varðandi skipun byggingar-nefndar. Bæjarráð hefir litið svo á, að úr þessu máli verði leyst með afgreiðslu nýrrar byggingarsamþykktar.
14. Eftir beiðni Hallfríðar Bjarnadóttur var samþykkt að gera leigusamning um lóðina Bollagötu 4 við hana og Einar Vigfússon Fjólug. 5
15. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 11. þ.m., með beiðni frá Stangaveiðifjelaginu um að fjelaginu verði leigðar Elliðaárnar nú í sumar.
16. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að kaupa hlöðu við Elliðaárstöðina af Ágústi Guðmundssyni.
17. Samþ. að veita Karli Eiríkssyni Lækjarg. 6 a löggildingu til að starfa við lágspennuveitu í Reykjavík.
18. Lagt fram brjef frá Dýraverndunarfjelagi Íslands og Fuglavinafjel. FöniX dags. 6. þ.m. þar sem því er mótmælt, að kappróður verði leyfður á Tjörninni.
19. Lagt fram brjef frá A.S. Höjgaard & Schultz, dags. 8. þ.m., varðandi eftilit með vörulager hitaveitunar.
20. Lagt fram brjef frá hjúkrunarfjel. Líkn með greinagerð um fyrirhugaða starfsemi fjelagsins. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.
21. Lagt fram brjef frá Þorláki Jónssyni með beiðni um launahækkun.
22. Samþ. að ráða Guðmund Jónsson sem laugavörð við Sundhöllina frá 1. þ.m., með launum skv. XI. flokki.
23. Samþ. að auglýsa til umsóknar forstjórastöðina við Sundhöllina, með hálfmánaða umsóknarfresti.
24. Lagt fram brjef frá íþróttaráðunaut bæjarins með tillögum um reglur um greiðslu byggingastyrkja til skíðaskála.
25. Lagður fram reikningur Sjúkrasjóðs Hins ísl.Kvenfjelags árið 1942.
26. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofu Reykjavíkur í febrúar.

27. Bæjarráð leggur til að orðið verði við tilmælum stúkunnar Framtíðin nr. 173, um að kjósa einn mann af 3 í stjórn Barnaheimilissjóðs stúkunnar, skv. skipulagsskrá sjóðsins.
28. Brynjólfur J. Brynjólfsson, Aust. 3, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með erindinu.
29. Útsvarsmál: Albert Guðmundsson db. Suð. 8 a., Andrjes Jónsson db. Þjórs. 5, Árni Magnússon db. Rán. 32, Bergþór Guðmundsson Frakk. 10, Bjarni Benediktsson db. Berg. 63, Egill Kristófersson db. Vest. 52, Guðlaugur Fr. Steindórsson Bræðr. 4, Guðm. Þórhallsson db. Kar. 15, Gunnl. Guðmundsson db. Berg. 64, Hallgr. B. Hallgrímsson db. Ásv. 69, Kristinn Karlsson db. Lind. 26, Laxdal Grímur Þingh. 25, Sigurður Þ. Sigurðsson, db. Lok. 5, Þorsteinn Karlsson db., Tjarn. 10. Jónas Benediktsson Rán. 46.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Sigfús Sigurhjartarson Jón Axel Pétursson

Helgi H. Eiríksson Guðm. Ásbjörnsson

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 19. mars, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Valdimar Þorsteinssyni Baróns. 41 kost á leigulóðinni Hringbraut 40, enda greiði hann andvirði mannvirkja eftir samkomulagi við fyrri lóðarhafa, eða eftir mati, og byrji á byggingu fyrir 1. maí næstk.
2. Samþ. að leyfa Ferd. Bertelson að byggja geymsluhús á erfðafestulandinu Vatnagarðabletti III.
3. Samþ. að gefa Anton Sigurðssyni Bráv. 26 kost á leigulóðinni Brávallag. 16.
4. Lagt fram brjef frá Stangaveiðifjelaginu dags. 6. þ.m., varðandi framtíðarskipulag á silungsveiði í Elliðavatni. Falið borgarstjóra til nánari athugunar.
5. Borgarstjóri skýrði frá viðtölum við forsætisráðherra og landlækni um fyrirhugaða byggingu fæðingardeildar. Bæjarráð fellst fyrir sitt leyti á tillögu borgarstjóra og landlæknins um að biðja lækna Matth. Einarsson, Guðm. Thoroddsen og landlækni að gera tillögur um stærð og fyrirkomulag fæðingardeildarinnar. Borgarstjóri skýrði frá því, að í umræðunum hafi verið gert ráð fyrir, að ríkið láti reisa húsið, með styrk frá bæjarsjóði og ríkið reki síðan stofnunina, e.t.v. með framlagi úr bæjarsjóði.
6. Borgarstjóri skýrði frá viðtali sínu við landlækni um byggingu nýs farsóttarhúss, sem þá væri gert ráð fyrir að ríki og bær ljetu reisa í sameiningu, en ríkið ræki síðan, þó þannig að úr bæjarsjóði yrði greiddur kostnaður við farsóttarsjúklinga, búsetta í bænum. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að landlæknir, Jón Hj. Sigurðsson og hjeraðslæknir geri tillögur um fyrirkomulag farsóttarhúss.
7. Samþ. að heimila borgarstjóra að semja við Gunnlaug Einarsson lækni og aðra hlutaðeigendur um stofnun slysavarðstofu, enda er ráðgerð að kostnaður verði ekki meiri en áætlað er í fjárhagsáætlun bæjarins.
8. Lagt fram brjef frá Kristínu Þ. Kristjánssdóttur, Spít. 6, með kvörtun um að henni hafi verið sagt upp starfi við ræstingu í Miðbæjarskólanum, svo og umsögn umsjónarmanns skólahússins. Vísað til meðferðar borgarstjóra.

9. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að gefa verkamönnum sem vinna við hreinsunarvinnu bæjarins, kost á því að verða skipaðir fastir starfsmenn, með launum skv. X. launaflokki.
10. Lagt fram brjef frá sakadómara, dags. 10. þ.m., varðandi greiðslu fatnaðar fyrir lögregluþjóna sakamála lögreglunnar. Bæjarráð felst á, að þessum lögregluþjónum sje fengin jafnmikill fatnaður, á kostnað bæjarsjóðs, og öðrum lögregluþjónum.
11. Lagður fram bráðabirgðareikningur Sundhallarinnar árið 1942 og skýrt frá afkomu Þvottahússins. Borgarstjóra falið að fá samþykki viðskiftaráðs til hækkunar á tekjum þessara stofnana.
12. Lagt fram brjef frá Hannesi Jónssyni, Ásv. 65, varðandi skifti hans við Byggingarfjelag verkamanna. Bæjarráð telur málið þannig vaxið, að bæjarstjórn geti ekki látið það til sín taka.
13. Lögð fram tillaga Katrínar Pálsdóttur um barnaupptökuheimili, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 18. þ.m.
14. Borgarstjóra heimilað að leita fyrir sjer um leigu á auknu húsnæði fyrir bæjar-skrifstofurnar í húsi h.f. Ragnars Blöndal, Austurstræti.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson

Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

Björn Bjarnason

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 26. mars, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa viðbótarbyggingu úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XII.
2. Synjað beiðni Jónasar Sveinssonar um breytta lóðaskiftingu við Tungu, Suðurlandbraut.
3. Bæjarráð getur ekki orðið við beiðni Jóns Arnfinnssonar Hvg. 94 um leyfi til að setja bráðabirgðaskúr á lóð við Fálk. 34.
4. Samþ. að lengja leigutíma um lóðina nr. 4 við Sætún (Olíuhreinsunarstöðvarinnar) upp í 35 ár.
5. Lagt fram brjef frá Sigurði Jónassyni dags. 23. þ.m., með beiðni um að bæjarráð láti bora 1 eða 2 holur eftir heitu vatni að Hliði á Álftanesi. Vísað til hitaveituverkfræðinganna til umsagnar.
6. Lagt fram tilboð frá Gunnari Bjarnason um sölu a tveimur 5 tonna Dodge bifreiðum fyrir kr. 32.500,- hvora.
7. Lögð fram tillaga byggingarmálanefndar um að bæjarráð taki til athugunar að kaupa Hótel Heklu til niðurrifs, svo fljótt sem ástæður leyfa.
8. Samþykkt að óska eftir því að sett verði löggjöf um heimild fyrir bæjarstjórnir til að fyrirskipa, að vatnssalerni skuli sett í öll hús í kaupstaðnum.
9. Lagt fram brjef frá póst- og símamálastjóra, dags. 15. þ.m., þar sem tilkynnt er um breytingar, sem gerðar hafa verið á ferðum Strætisvagna frá Lækjartorgi í Skerjafjörð.
10. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 23. þ.m.
11. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að láta Alþýðubrauðgerðina fá næturrafmagn til hitunar í vjelasal.
12. Rafmagnsstjóra falið að bjóða út byggingarvinnu við Ljósafossstöðina vegna stækkunar hennar nú í sumar.
13. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um eldsupptök á Frakkastíg 24 B 16. þ.m.

14. Lögð fram meðmæli skólanefndar Skildingarnesskólans með því að Arngrímur Kristjánsson skólastjóri fái allt að 1 1/2 árs frí, með launum, til náms- og kynningardvala í Vesturheimi.
15. Lögð fram álitserð Brynjólfs Stefánssonar forstjóra um Eftirlaunasjóð bæjarins.
16. Bæjarráð ákveður að láta fara fram athugun á, hvort ekki myndi rjett að leitast við að fá lögum um skipulag kauptúna og sjávarþorpa breytt í það horf, að Reykjavíkurbær fái sjerstaka skipulagsnefnd, er ekki hafi skipulag annarra bæja eða þorpa með höndum, og hafi hún endanlegt ákvörðunarvald í skipulagsmálum bæjarins. Tillagan var flutt af Sigfúsi Sigurhjärtarsyni.
17. Bæjarráð ákveður, að láta fara fram athugun á, hvort ekki sje æskilegt og framkvæmanlegt, að bærinn eignist allar lóðir og lendur innan lögsagnarumdæmisins. Athugun þessi skal einkum beinast að eftirtöldum atriðum:
1. Hvert sje fasteignamatsverð og stærð eignarlóða og lendna í bæjarlandinu, og hversu miklu nemi árlegar skatttekjur af þeim.
 2. Hvað matsverð þeirra mundi verða, ef þær væru metnar til eignanáms nú.
 3. Hve mikil árleg útgjöld bæjarins myndi verða af að kaupa þessar lóðir og lendur, ef þær væru borgaðar með 40 - 50 ára skuldabryfum með venjulegum kjörum.
 4. Hve miklar leigutekjur bæjarins mundi verða af þessum eignum.
 5. Hvort skipulagning og endurbygging bæjarins mundi ekki verða stórum auðveldari, ef bærinn ætti allt land innan lögsagnarumdæmisins.
 6. Hvort ekki væri rjett, að bærinn færi þess á leit við Alþingi að setja lög, er heimili honum eignarnám á öllum lóðum og lendum innan lögsagnarumdæmisins og að greiða andvirðið með 40 - 50 ára bæjarskuldabryfum. Tilagan var flutt af Sigfúsi Sigurhjärtarsyni.
18. Lögð fram meðmæli frá allmörgum einstaklingum og fjelögum, um að forstjórastaðan við Sundhöllina verði veitt Erlingi Pálssyni. Sömuleiðis lögð fram meðmæli frá allmörgum einstaklingum og fjelögum, um að staðan verði veitt Sigríði Sigurjónsdóttur.
19. Útsvarsmál: Haraldur Guðjónsson Bergsst. 33, Quebec hlutafjelag, Magnús Skarphjedinsson, Vitastíg 9, Þorleifur Jónsson Njg. 58, Magnús Þorleifsson Grund. 9, Lúðvík Guðmundsson Vesturg. 56, Bóas A. Pálsson Framnv. 29, Guðmundur Jónasson Leifg. 5, Pétur Árnason db. Lokastíg 5, Guðrún Geirsdóttir Lvg. 80, Erlendur Hallgrímsson db. Lv.g 83, Haukur Friðfinnsson Lvg. 43 b, Jóhannes Þóroddson Sólv. 68 b, Helgi Vigfússon Barón. 57, Sig. Oddgeirsson Lvg. 176, Jóhann V. Eggertsson Grett. 46, Sigurður H. Hreinsson

Pver. 14, Páll H. Kristjónsson Ing. 6, Guðjón Guðmundsson db. Bárug. 34, Sigríður Bjarnadóttir Ing. 6, Skarphjeðinn Jósefsson Skólav. 4 c, Gunnar Ólafsson Lok. 4, Hannes Jónsson db. Solv. 59, Erasmus Erasmusson db. Ásv. 55, Atlantic hf. , Halldór Sveinsson Skeggjag. 4, Ingibjörg Árnadóttir Hring. 36, Haraldur k. Gíslason Lvg. 92, Thingvald Betty tannl., Svavar Guðjónsson Miðstr. 4, Sigurður Árnason Óð. 4, Halldór Einarsson Bergþ. 3, Geir Guðmundsson Sölfhólsg.-

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson

Jón Axel Pétursson Sigfús Sigurhjartarson

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 2. apríl, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Synjað beiðni um skiftingu á erfðafestulandinu Sogamýri II.
2. Bæjarráð vill ekki samþykkja breytingu (hækkun) á útihúsi við Bjarmaland.
3. Samþ. að leyfa Jóhanni Eyvindssyni að byggja kjallara úr steinsteypu undir fyrirhugaðan sumarbústað á erfðafestulandinu Fossvogsbl. XLIII.
4. Samþ. að heimila bæjarverkfræðingi, að semja við Sigurð Jónasson um að bora fyrir hann eftir heitu vatni að Hliði á Alftanesi.
5. Samþ. að gera bílstæði á grasflötum á Hringbraut frá Hverfisgötu suður að húsi Strætisvagnanna.
6. Synjað erindi Diðriks Helgasonar um lóð á horni Reykjavegar undir einnar hæðar hús.
7. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 27. f.m. með umsögn heilbrigðisfulltrúa um ástæðu fyrir lokun veitingastofunnar í húsinu nr. 48 við Vesturgötu.
8. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um brunan í geymsluhúsi Rauða krossins.
9. Synjað erindi Hjörleifs Hjörleifssonar og Karls Lárussonar um að verða færðir upp í IV. flokk launasamþykktarinnar.
10. Lagt fram brjef fræðslumálastjóra, dags. 30. f.m., varðandi greiðslu kostnaðar við fyrirhugað starf námsstjóra og fræðslumálafulltrúa hjer í bænum.
11. Lagðar fram umsagnir frá Barnaverndarnefnd og „Sumargjöf“ um fyrirætlanir um að stofnsetja upptökuheimili fyrir börn í Kumbaravogi, Stokkseyri.
12. Lögð fram skýrsla um starfsemi Lestrarfjel. kvenna árið 1942.
13. Samþ. að skipa Guttorm Erlendsson sem endurskoðanda bæjarins.
14. Samþ. að hafna framkomnum tilboðum í húsið Efstasund 53.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Sigfús Sigurhjartarson
Jón Axel Pétursson Helgi H. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 9. apríl, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Ragnari Jónssyni að reisa heyhlöðu úr steinsteypu á erfðafestu-landinu Bústöðum.
2. Lagt fram brjef frá Árna Friðrikssyni fiskifr. um silungsveiði í Elliðavatni. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við erindi Stangaveiðifjelagsins um veiði í vatninu, eins og sakir standa.
3. Lögð fram umsókn Jóhannesar Ásgeirssonar og Sveins Ólafssonar hreinsunarmanna, um að verða fastir starfsmenn.
4. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 6. þ.m., með framtalsskýrslu umsjónarmanns rafmagna um bruna í geymslu Rauða Kross Íslands við Austurbæjar-skólann.
5. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 2. þ.m., þar sem neitað er um aukaskammt af bensíni fyrir bifreið bæjarþvottahússins í Sundhöllinni.
6. Jóhann M. Kristjánsson sækir um leyfi til kvikmyndasýninga hjer í bænum.
7. Lagt fram brjef frá stjórn Landsstórstúku Íslands I.O.G.T, dags. 5. apríl, varðandi fyrirhugaða leigu á barnahælinu við Silungapoll.
8. Lagt fram brjef frá sóknarnefnd Hallgrímsprestakalls, dags. 2. þ.m., þar sem þakkað er, að bæjarráð vill gefa kost á lóð undir kirkju á Skólavörðuhæð.
9. Erindi Hermanns Kristjánssonar Höfðaborg 48, um leyfi til að reisa og starfrækja fisksölubúð í Höfðahverfi, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
10. Boði Helgu M. Níelsdóttur um sölu á húsunum Eiríksgötu 37 og Hringbraut 78, hafnað.
11. Samþ. tillaga að leigusamningi um 4. hæð hússins Austurstr. 10 a með 2 atkv. gegn 1 (Jón A. Pétursson).

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjartarson Helgi H. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 16. apríl, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram greinargerð sr. Björns Björnssonar varðandi íbúðarhúsabyggingarnar við Hringbraut á Melatúninu.
2. Lögð fram greinargerð rafmagnsstjóra um tilboð er borist hafa í byggingarvinnu við Ljósafoss vegna aukningar aflstöðvarinnar þar. Tilboð bárust frá h.f. Ingólfi B. Guðmundssyni, A.S. Höjgaard & Schultz, h.f. Almenna byggingarfjelaginu. Samþykkt að taka lægsta tilboðinu, frá síðastnefnda bjóðanda. Tilboðsverð hans er kr. 1.332.000.-
3. Heimilað að taka úr erfðafestu Kirkjumýrarblett VIII til kálgarðsstæða og byggingalóða.
4. Lagt fram brjef frá Jóhanni Jónassyni ræktunarráðunauti með tillögum um ný garðstæði nú á þessu vori.
5. Lögð fram tillaga Sigfúsar Sigurhjartarsonar um endurbætur á svonefndum Pólbyggingum, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 15. þ.m. Sömul. lögð fram greinargerð Mangúsar V. Jóhannssonar um málið.
6. Samþ. að leyfa Magnúsi Jónssyni Lauf. 63 að reisa bráðabirgðaskýli til bifreiðageymslu á lóðarskika við Njarðargötu, milli Laufásvega 58 og Smárag. 1, enda verði skýlið tekið burtu bæjarjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður.
7. Synjað beiðni um að breyta hluta af erfðafestulandinu Sogamýri II í byggingarlóð.
8. Lögð fram skýrsla Jóns Sigurðssonar verkfr. um hvað aðhafst hefir verið, til þess að fá bætt úr vatnsskortinum, sem víða er í bænum.
9. Samþ. að heimila Þorsteini Finnssyni að leggja vatn í sumarbústaðinn Dalbæ nálægt Blesugróf, undir eftirliti vatnsveituverkfræðings.
10. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 9. þ.m., varðandi ráðstafanir um geymslu á óskilafjenaði.
11. Borgarstjóra heimilað að leyfa Ragnari Magnússyni Hringbr. 191 að setja upp skóburstun á Lækjartorgi.

12. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Bollag. 9 við Baldvin Jónsson Þorrag. 6 og Vilhjálmm Jónsson Shellveg 8 a.
13. Lögð fram tillaga Katrínar Pálsdóttur, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 15. þ.m.
14. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í mars þ.á.
15. Lögð fram tillaga Gunnars Þorsteinssona frá bæjarstjórnarfundi 15. þ.m., varðandi stuðning við byggingu íbúðarhúsa í bænum. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson

Jón Axel Pétursson Jakob Möller

Sigfús Sigurhjartarson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 30. apríl, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá vatnsveituverkfræðingum dags. 15. þ.m., með tillögum um takmörkun á vatnsnotkun. Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn geri eftirfarandi ályktun:

Vegna þess að tilfinnanlegur vatnsskortur hefir verið í ýmsum hverfum bæjarins undanfarið er brýnt fyrir bæjarbúum að fara eins sparlega með vatn og frekast er kostur. Til þess að reyna að ráða bót á vantsskortinum, ákveður bæjarstjórn að banna með öllu að vatn sje notað á þann hátt, að því sje sprautað úr slöngum við gluggaþvott, húspvott, gangstjettaþvott og bifreiðaþvott. Við slíkan þvott má nota fötu eða önnur hæf ílát, en þá er bannað að láta sírenna í þau vantsveituvatn. Ennfremur er sjerstaklega brýnt fyrir fólki, að takmarka eftir föngum vatnsnotkun við þvotta á fatnaði, og láta ekki sírenna þar heldur, nje við afvötnun á matvælum. Brot geng þessum fyrirmælum ber að líta á sem misnotkun vatns og skal loka fyrir vatnið hjá þeim, sem brotlegir reynast, eftir reglum sem bæjarráð setur.

2. Lagt fram brjef frá Byggingamálanefnd, með tilkynningu um ályktun nefndarinnar 10. þ.m., varðandi úthlutun byggingarlóða á þremur stöðum í bænum. Bæjarráð ákveður að ganga á þessa staði til athugunar á staðháttum.
3. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar, dags. 19. þ.m., varðandi skipulag á svæðinu austan Rauðarárstíg, milli Háteigsvegar og Reykjanesbrautar. Vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara til athugunar og mun bæjarráð einnig ganga á þetta svæði til athugunar.
4. Samþ. að gefa Tómasi Vigfússyni kost á leigulóðinni Brávallagötu 18.
5. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Ludvig Andersen túnbletti milli Baugsvegar og sjávar til slægju og beitar.
6. Samþ. að gefa Karli Einarssyni og Hjálvari Árnasyni kost á iðnaðarlóð við vestanverðan Elliðaárvog, eftir útvísun síðar.

7. Lagt fram brjef frá Reykvíkingafjelaginu, dags. 28. þ.m., með beiðni um lóð undir húsbýggingu fjelagsins. Vísað til Skipulagsnefndar til umsagnar.
8. Lagt fram brjef frá Agli Árnasyni með tilboði um að selja bænum ýmis konar steintegundir til múrhúðunar. Vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara til umsagnar.
9. Samþ. að veita Einari J. Bachmann löggildinu sem rafmagnsvirkja við lágspennuveitur í Reykjavík.
10. Samþ. að veita Gísla Jóh. Sigurðssyni löggildingu sem rafmagnsvirkja við lágspennuveitu í Reykjavík.
11. Borgarstjóra heimilað að greiða andvirði bifreiða fyrir hjeraðslækni.
12. Byggingarnefnd nýja Stúdentagarðsins sækir um 50 þús. króna viðbótarstyrk til byggingar garðsins. Vísað til bæjarstjórnar.
13. Búnaðarsamband Kjalarnesþings sækir um 1125. - styrk á þessu ári. Vísað til bæjarstjórnar.
14. Lögð fram skýrsla um störf barnaverndarnefndar árið 1942.
15. Lögð fram álitsgerð barnaverndarnefndar um húsnæði í Hróarsdal, Mosfsv. og sumarbústað símamanna hjá Vatnsenda, er nefndin hefir skipað, með það fyrir augum að þar verði stofnað barnaheimili.
16. Barnaverndarnefnd tilkynnir að Ingimar Jóhannesson hafi sagt upp starfi sínu fyrir nefndina og ungmennaeftirlitið.
17. Bæjarráð tilnefnir Harald Árnason kaupm. og Arngrím Kristjánsson skólastjóra í nefnd til að veita forstöðu sumardvalastarfsemi fyrir börn nú á þessu sumri, með tveim fulltrúum ríkisstjórnarinnar og einum frá Rauða Krossi Íslands.
18. Lagt fram brjef frá A.S. Højgaard & Schultz dags. 29. þ.m., með eftirriti af brjefi til bæjarverkfræðings, dags. 20. þ.m., með skýrslu um hitaveituframkvæmdirnar og horfur fyrir því að þeim megi ljúka svo sem hugað hefir verið. Borgarstjóra falið málið til meðferðar.
19. Lögð fram lög nr. 52, 14. apríl 1943 um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Var borgarstjóra falið að annast nauðsynlegar framkvæmdir vegna stækkunar lögsagnarumdæmisins, þ.á.m. sjerstaklega að leita samninga við eiganda Grafarholts um kaup á jörðinni og athuga möguleika fyrir því að kaupa jörðina Reynisvatn, sem nú er eign ríkisjóðs. Borgarstjóri leggi niðurstöður samningaumleitana sinna fyrir bæjarráð, svo að það geti ákveðið hvort það telji þörf á að beita eignarnámsheimildinni um Grafarholtsland í 3. gr. tilvitnaðra laga. Jafnframt var borgarstjóra falið að ganga frá kaupum á jarðeignum Thors Jensens

í Kjósasýslu og heimilað að gefa Mosfellshreppi kost á að kaupa þær jarðanna í hreppnum (Lágafell, Varmá), sem ekki eru lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur með lögum, enda skýrði borgarstjóri frá því, að lögin hefðu náð samþykki á Alþingi, aðeins með þeirri forsendu, að hreppnum yrði gefin kostur á að kaupa þessar jarðir. Ætlast er til þess, að ef ekki næst samkomulag um verð þessara jarða og Grafarholtslands, verði þær allar metnar af sömu mönnum og kaup þeirra og sala fari eftir því verði, sem þannig yrði ákveðið. Jón A. Pétursson lýsti því yfir, að hann væri mótfallinn þessum ráðstöfunum.

20. Lögð fram greinargerð Þuríðar Bárðardóttur ljósmóður dags. 30. þ.m., um stofn-
kostnað mæðraheimilis og áætlun um reksturkostnað. Málinu vísað til bæjar-
stjórnar.
21. Borgarstjóri tilkynnti að hann hafi f.h. bæjarsjóðs keypt húseignina nr. 20 við
Hafnarstræti (Hótel Heklu) og ákvað bæjarráð að ráðstafa húsinu fyrst um sinn til
fyrirgreiðslu húsnæðislausu fólki.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjartarson
H.H. Eiríksson Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, miðvikudaginn 5. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá íþróttaráðunaut bæjarins dags. 30. f.m. með tillögum um endurbætur á íþróttavellinum á Melunum, svo og meðmæli með tillögunum frá Gunnari Thoroddsen f.h. stjórnar íþróttavallarins. Falið borgarstjóra til athugunar.

2. Útsvarsmál: Ósvald Knudsen, Daníel Þorkelsson.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

3. Lagt fram brjef frá Ötvegi Bjarni Benediktsson 28. f.m., með áskorun um að verslum með pylsum Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller Helgi H. Eiríksson Sigfús Sigurhjartarson verkfræðingi að byggja upp vélavagnana.
4. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að taka tilboði Sigurðar Jónssonar um byggingu spennistöðvar (stækkingar) við Elliðaárdam.
5. Lagt fram brjef frá Hilmarí Stefánssyni, dags. 29. f.m., með beiðni um að fá löðurjerandi með samarbæstað er hann hefur keypt við Elliðaavata. Eftirlit sýndi.
6. Bæjarráð vill ekki fyrir síu lögu leyfa byggingu íbúðarhúsa á Laugarnesbletti, við Þjarnaland, skv. teikningu er fylgdi umsókn dags. 6. þ.m.
7. Lagt fram brjef frá Skógráttarfélagi Íslands, dags. 21. f.m., um möguleika til að gjalda „Heiðrósk“ nú í sumar.
8. Lagt fram brjef frá Skógráttarfélagi Íslands dags. 20. f.m., með beiðni um styrk nú á þessu ári, kr. 10.000,-, til aukinnar rektunar í Fossvogi.
9. Lögð fram tillýsing frá Barnamáttarfélagi Oddfellows, um réttstöfnun félagsins á samarðvafarþemilum við Silfruggapoll nú í sumar.
10. Lögð fram brjef frá h.f. Nýja Bíó dags. 3. þ.m., og h.f. Gerda bíó dags. 6. þ.m., þar sem fjöldi skýra frá mati, er þau hafa látið framkvæma á húsnæmum sínum með húsnæmum og skráningarkennu og spyrja jafnframt fyrir um hvort

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 7. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að taka úr erfðafestu 27.6 ferm. spildu af erfðafestulandinu Garðaholtsbl. IV, enda náist samkomulag um endurkaupsverð, og selja síðan spilduna til viðbótar lóðinni Fálkag.11.
2. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings, dags. 4. þ.m., um erindi Knattspyrnu-fjelags Reykjavíkur, dags. 12. mars. 1942, þar sem þess er beiðst að holræsi verði lagt frá fyrirhuguðu ípróttasvæði fjelagsins við Kaplaskjólsvog vestur í gegnum Eiðisgranda. Bæjarráð telur ekki fært að láta gera holræsi þetta eins og sakir standa.
3. Lagt fram brjef frá Útvegsbanka Íslands h.f., dags. 28. f.m., með áskorun um að verslun með pylsur verði flutt úr Kolasundi. Samþ. með 3:2 atkv. að fela bæjarverkfræðingi að reyna að finna annan heppilegri stað fyrir pylsuvagnana.
4. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að taka tilboði Sigurðar Jónssonar um byggingu spennistöðvar (stækkunar) við Elliðaárnar.
5. Lagt fram brjef frá Hilmari Stefánssyni, dags. 29. f.m., með beiðni um að fá lóðarrjettindi með sumarbústað er hann hefir keypt við Elliðavatn. Erindinu synjað.
6. Bæjarráð vill ekki fyrir sitt leyti leyfa byggingu íbúðarhúss á Laugarnessbletti, við Bjarmaland, skv. teikningu er fylgdi umsókn dags. 6. þ.m.
7. Lagt fram brjef frá Skógræktarfelagi Íslands, dags. 21. f.m., um möguleika til að girða „Heiðmörk“ nú í sumar.
8. Lagt fram brjef frá Skógræktarfelagi Íslands dags. 20. f.m., með beiðni um styrk nú á þessu ári, kr. 10.000. -, til aukinnar ræktunar í Fossvogi.
9. Lögð fram tilkynning frá Barnasumardvalarfelagi Oddfellowa, um ráðstöfun fjelagsins á sumardvalarheimilinu við Silungapoll nú í sumar.
10. Lögð fram brjef frá h.f. Nýja Bíó dags. 5. þ.m., og h.f. Gamla bíó dags. 6. þ.m., þar sem fjelögin skýra frá mati, er þau hafa látið framkvæma á húseignum sínum með húsgögnum og sýningartækjum og spyrjast jafnframt fyrir um, hvort

bæjarstjórn muni vilja kaupa eignirnar fyrir þetta matsverð og greiða auk þess eigendunum bætur fyrir atvinnumissi. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

11. Heimilað að kaupa lóðarspildur undir öskustíg á milli Hofsvallagötu og Bræðra- borgarstígs af lóðunum á svæðinu á milli Ásvallargötu og Sólvallagötu.
12. Lögð fram tillaga Haraldar Guðmundssonar, varðandi hitaveituf framkvæmdirnar, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller Jón Axel Pétursson

Sigfús Sigurhjartarson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 14. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti XXII með húsum fyrir kr. 80.000. - Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XII með húsi fyrir kr. 45.000. - Hafnað.
3. Erindi Indriða Guðmundssonar Þingh. 15 um afnot af kálgarði við Eskihlíð vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
4. Samþ. að gera lóðarleigusamning um lóðina Kaplaskjólsvog 9 við Valdimar Bjarnason og Snæland Grímsson og um lóðina Kaplaskjólsvog 11 við Ingimar Þorsteinsson og Kristínu Pálsdóttur.
5. Synjað erindi Ólafs J. Ólafssonar Barón. 12, um leigu á hluta af Korpúlfsstaðaeigninni.
6. Brjefi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. þ.m., með óskum um að bæjarsjóður afhendi sem fyrst aðra lóð undir íbúðarhús handa presti í Dómkirkju-prestakalli, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
7. Lagt fram brjef frá Ármanni Sveinssyni f.h. nokkurra lögregluþjóna, með beiðni um fyrirheit fyrir byggingarlóðum við Hringbraut, beggja megin Grettisgötu, þegar er setuliðið rýmir lóðirnar. Ákveðið að fá nánari upplýsingar um byggingarfjelagsskap lögregluþjónanna.
8. Eftir beiðni Guðm. Vigfússonar var samþ. að gera leigusamning um lóðina Efsta-sund 48 við son hans Guðmund Guðmundsson, Laugavegi 42.
9. Borgastjóri skýrði frá því að Helga M. Níelsdóttir gæfi kost á húseignum sínum við Eiríksg. 37 og Hringbraut 78 fyrir alls kr. 440.000.- og væri það lægsta boð hennar.
10. Fjelag ísl. símamanna býður eignir fjelagsins hjá Vatnsenda í Seljtarnarneshreppi til sölu.
11. Synjað erindi Pálma Pálmasonar Ásv. 16 um leyfi til að reisa sumarbústað í Elliðavatnslandi.
12. Samþ. að veita Sveinbirni Egilssyni stöðvarstjóra, Útvarpsstöðinni, löggildingu til að starfa sem rafvirki við lágspennuveitu í Reykjavík.
13. Samþ. að leigja Stangaveiðifjelaginu laxveiðina í Elliðaánum nú í sumar fyrir grunnleigu kr. 3500.- með verðlagsvísitölu.

14. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um hvar finna megi heppilegri stað en Kolasund fyrir pylsuvagnana.
15. Lagt fram brjef íþróttaráðunautsins, dags. 14. þ.m. með greinargerð um hvernig hann kveðst geta framkvæmt fyrirhugaða umbætur á Íþróttavellinum. Ráðunautinum falið, í samráði við bæjarverkfræðing, að láta framkvæma óhjákvæmilegar endurbætur á vellinum.
16. Erindi Jörundar Pálssonar, dags. 6. þ.m., um greiðslu eftirsöðvar ferðakostnaðar, lagt fram og synjað.
17. Synjað erindi Sigrúnar Pétursdóttur og Þorl. Ben. Þorgrímsson um að þau fái aftur umráð yfir lóðinni nr. 100 við Laugaveg.
18. Bæjarráð telur ekki nauðsynlegt að halda eftir 1000 slökkvidælum handa hverfa-slökkviliðum loftvarnasveitanna af 2000 dælum sem loftvarnanefnd hefir keypt og ætlaðar eru húseigendum.
19. Samþ. að skipa Jósef Einarsson Grett. 22 og Guðlaug Stefánsson Bergþ. 6 b sem fasta starfsmenn með launum skv. 8. launaflokki.
20. Rannsóknarnefnd ríkisins æskir þess að kaupa eða leigja allstórar spildur úr Gufunesstorfunni til þess að leggja við Keldu í Mosfellssveit.
21. Lagt fram brjef frá A.S. Höjgaard & Schultz, dags. 14. þ.m. með skýrslu um tölu verkamanna, er hjá firmanum hafa unnið frá því í nóvbr. síðastl, við annað en hitaveituna.
22. Erindum Aðalsteins Hanssonar, Ólafar Richter og Vilhelms Guðmundssonar, Hafnarstr. 20. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
23. Útsvarsmál: Sigurgeir Sigurdórsson Lauv. 67, Sæmundur Friðriksson Berg. 8 a, Kristín Kristjánsdóttir Háv. 30, Samúel M. Ketilsson db. Samúel Kr. Sigurðsson Ing. 21 b, Eiríkur Grímsson Lvg. 143, Björn Olsen Ásgeirsson db., Albert Goddman Garð. 33, Sigurður Gíslason Brag. 32, Sverrir Möller Lvg. 65, Júlíus Magnússon Freyjug. 39, Högni Halldórsson Vík, Kjartan Þorsteinsson Lvg. 68, Sigurður Thorarensen Vest. 36 a, Lárus Ágústsson Kár. 13, Jóhannes I. Sigurðsson Skvst. 8, Jóhann Kr. Guðmundsson Rán. 11, Einar Bjarnason Hrb. 30, Erlendur Pálson Grett 22 b.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson Sigfús Sigurhjártarson
Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 19. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Lagt fram brjef Tryggingarstofnunar ríkissins, dags. 14. þ.m., þar sem tilkynnt er að stofnunin gefi Reykjavíkurbæ kost á láni, er verði byggt með 1. veðrjetti í nýbyggingum bæjarins við Hringbraut 137-147. Lánsupphæð verði allt að 33 1/3 % af kostnaðarverði. Lánstími 40 ár, vextir 4 1/2% p.a. Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki að taka þetta lán og feli borgarstjóra að undirskrifa veðskulda-brjef.
2. Rætt um ráðstöfun á íbúðum í framangreindum húsum. Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn taki ákvörðun um það mál á næsta fundi.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 21. maí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XVI með húseign fyrir kr. 85.000. - Hafnað.
2. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í aprílmán. síðastl.
3. Samþ. að gera leigusamning um lóð h.f. Höfðavíkur til 40 ára.
4. Samþ. að gefa h.f. Fylki kost á leigulóð fyrir geymsluhús í Kaplaskjóli, eftir nánari útvísun síðan.
5. Tilmæli skólustjóra Miðbæjarskólans um að kaupa rafhlöðulampa í loftvarnabyrgi skólans falin rafmagnsstjóra til umsagnar.
6. Samþ. beiðni h.f. Steinsteypunnar um að mega nota vegg austan Bjarnaborgar við byggingu efnisgeymsluhúss.
7. Borgarstjóra falið að gera tillögu að svari við brjefi millipinganefndar í jarðeigna og lóðamálum dags. 14. þ.m.
8. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 20. þ.m., með brjefi frá stjórn Fjelags lög-gildra rafvirkjameistara í Reykjavík, varðandi eftirlit með innflutningi raftækja. Málinu vísað til rafmagnseftirlits ríkisins.
9. Samþ. að veita Vilhjálmi Kr. Hallgrímssyni Hallveigarstíg 6 löggildingu til að standa fyrir lágspennuveitu í Reykjavík.
10. Lagt fram brjef frá Erlingi Pálssyni með tillögum um endurbætur í baðklefum karla í Sundhöllinni og byggja þar klæðaskála fyrir karlmenn.
11. Lagt fram brjef frjá Erlingi Pálssyni dags. 17. þ.m. með tillögum um forstöðu þvottahússins í Sundhöllinni. Ákveðið að fá umsögn hins nýja forstjóra Sundhallarinnar um málið.
12. Með því að ekki hefir verið hafist handa um byggingu á neðanskráðum lóðum, er var úthlutað síðastliðið vor, var samþykkt að taka þær af þeim sem þá var gefinn kostur á lóðunum: Hringbraut 83, Miklabraut 9,11,13, Flókagata 29, 31.
13. Borgarstjóra falið að auglýsa til sölu íbúðirnar í nýbyggingum við Hringbraut, samkv. ályktun bæjarstjórnar 20. þ.m.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjártarson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 4. júní kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa H. J. Hólmjárn að stækka, úr holsteini, íbúðarhús á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XI.
2. Samþ. að leyfa Kristjáni Benediktssyni að stækka, úr steinsteypu, íbúðarhús á erfðafestulandinu Bústaðabletti III.
3. Frestað að taka ákvörðun um byggingarleyfisbeiðnir á erfðafestulöndunum Þvottalaugablettum XV og XX.
4. Synjað erindi Þorkels Einarssonar um stækkun á húsi á erfðafestulandinu Krossamýrarbletti XIV.
5. Samþ. að gefa Guðna Árm. Guðnasyni Hörp. 36 kost á leigulóðinni Hrístateig 18.
6. Synjað beiðni frá Georg og Co. um aðra lóð fyrir verksmiðjuhús, en firmanu hefir áður verið gefinn kostur á.
7. Samþ. eftirfarandi úthlutun iðnaðarlóða við Suðurlandsbraut, enda verði hafist handa um byggingar á lóðunum fyrir 1. júlí næstk:

Hrafn Jónsson, Freyjug. 26	fær lóð nr.	2
Ámundi Sigurðsson, Vest. 9	“ “	5
Gunnar Guðnason, B.S.Í.	“ “	7
Trjesmiðjan, Lvg. 38	“ “	14
8. Synjað beiðni Kristins Kristjánssonar Leifsg. 30 um leyfi til að reisa geymsluskúr við Eiríksgötu sunnan við skýli Olúversl. Íslands.
9. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Miðtún 38 við Ólaf Guðnason Bjarg. 16
10. Synjað beiðni Jóhanns Indriðasonar um leyfi til að reisa íbúðarhús við Elliðarárvog, en hinsvegar vill bæjarráð e. a. veita honum leyfi til að reisa húsið í Bústaðaholti.
11. Synjað erindi frá íbúum í aftari röð húsanna við Miðtún og Samtún um að bæjar-sjóður kosti vegagerð að húsum þessum.

12. Erindi bæjarstjórans í Hafnarfirði, dags. 25. f.m., varðandi greiðslu fyrir vikur, er tekinn er úr námu við Vatnsskarð, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
13. Samþ. að sameignafjel. lögreglugjöfna um húseignina Hringbraut 33 verði gefið fyrirheit um leigulóðir við Hringbraut, beggja megin Grettisgötu.
14. Beiðni frá Karli Þorsteins og Mangúsi Jochumssyni um veiðileyfi í Helluvatni og Elliðavatni nú í sumar, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
15. Borgarstjóri skýrði frá tilraunum sínum til að fá bráðabirgðaleyfi til að gera bílastæði á lóðum ríkisins við Lækjargötu og á lóð Goodtemplarahússins. Lagði fram brjef fjelagsmálaráðuneytisins, dags. 31. f.m., með fylgiskjölum. Borgarstjóra falið málið til frekari meðferðar.
16. Erindi slökkviliðsstjóra um fólksbifreið fyrir slökkviliðið vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
17. Bæjarráð ítrekar synjun á greiðslu kostnaðar við að byggja skolpræsi frá húsinu Garðastræti 2.
18. Lagt fram brjef frá stjórn bifreiðastjóralfjel. Hreyfils, dags. 26. f.m., með tilkynningu, dags. 2. þ.m., um að brjefið hafi verið samþ. á fjelagsfundi 1. þ.m., án móttakvæða, varðandi breytt skipulag á rekstri fólksbifreiða í bænum, sem leigðar eru til fólksflutninga. Falið borgarstjóra og bæjarverkfræðingi til athugunar.
19. Erindi frá bæjarstjóra Siglufjarðar um að bæjarráð (Hitaveitan) láti honum í tje vegna Skeiðfossvirkjunarinnar, nokkrar vatnsspípur, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu með 3:2 atkv.
20. Samþ. að skipa Jón D. Jónsson fastan starfsmann við Sundhöllina með launum skv. IX. flokki.
21. Samþ. að skipa Gest Pétursson Grund 15 b fastan starfsmann við borvjelarnar, með launum skv. VIII. flokki.
22. Samþ. að skipa Guðjón Þorsteinsson Hvg. 83 og Jón Þ. Ólafsson Lvg. 126 sem flokksstjóra við bæjarvinnuna.
23. Samþ. að mæla með umsóknum um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars Jónssonar frá Þórunni F. Þorsteinsdóttur Von. 8 b, Sigríði Þorsteinsdóttur Frakk. 10, Kristínu S. Hafliðadóttur Óð. 20 b., Guðmundu Kristj. Hálfánardóttur Hrefn. 4.
24. Lagt fram bréf form. byggingarnefndar Nýja stúdentagarðsins þar sem nefndin þakkar viðbótarframlag það, sem bæjarstjórn hefir heitið til byggingarinnar.

- 24. Lagt fram bréf stjórnar Íþróttafélags Reykjavíkur, þar sem þess er óskað, að félaginu verði leigður minnsti salurinn á Hótel Heklu fyrir mötuneyti handa félagsmönnum. Að þessu tilefni ítrekar bæjarráðið fyrri samþykkt sína um að það geti ekki fallist á að leigja út salina á Hótel Heklu.
- 25. Lagður fram dómur bæjarþings Reykjavíkur í máli hafnarsjóðs gegn Svenske-Isl. Fryseriaktiebolaget. Bæjarráð leggur til að dóminum verði áfrýjað til hæstaréttar.
- 26. Samþ. að greiða Önnu Kjartansdóttur, fyrrum hjúkrunarkonu í Farsóttarhúsinu, 3 mánaða laun eftir hún lét af störfum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller Gunnar Thoroddsen

Sigfús Sigurhjartarson Jón Axel Pétursson

Guðm. Ásbjörnsson

Sigurður L. Ólafsson			11
Kristján Sigurjónsson			16
Tómas Tómasson	Nig. 110	Eftasandi	8
Ellen Mórarsen	Bann. 20	"	9
Jóhann B. Sveinsson	Hannum Sev.	"	20
Guðm. Jónsson	Old. 7 a	"	47
Eyjólfur Þorsteinsson	Leifsg. 23	"	49
Martinó B. Valdimarsson	Raugav. 19	Hólsv.	11
Haraldur S. Sigurðsson	Grasav. 39	Laugholtev.	26
Jón Magnússon	Reyjav. 32	"	46
Jóhann G. Sigurðsson	Sólfr. v/Langhv.	"	54
Karl Fanbogason	Nig. 48	A-götu	1
Þorvaldur Ógmundsson	Bjarn. 4	"	3
Oskar M. Jóhannsson	Flak. 20	"	5
Einar Jónsson	Bergp. 27	"	15
Árgeir H. Guðmundsson	Bald. 27	"	27
Sigurður Guðmundsson	Lav. 38	"	28
Jóhann M. Hallgrímsson	Nig. 85	A-götu	48
Jón Pálsson	Úskálunrv/Suðurv.	B-götu	17
Sigurjón Sigurðsson	Stólav. 3	Þrólagötu	21
Kjartan Magnússon	Frakk. 14	"	37
Oskar Ólafsson	Skepping. 3	"	39
Björn Pórhásson	Laugav. 10	"	41
Indriði Níelsson	Lav. 38	"	43
Jóhann Ingvarsson	Þing. 3	Þingav.	24
Diðrik Helguson	Reyjav. 54	"	26
Sigurjón Pálsson	Þingv. 27	"	28
Jón Stefánsson	Lav. 38	Múlastr.	9
Hallgrím Björnsson	Kaup. 12	nr. 4 v. 10. g. í Eskilhlóstráti	
Magnús Jóhannsson	Kaupav. 6	nr. 8 v. 10. g. í	

Skilyrði fyrir tölum í lögum Flaksg. 31 og Múlastr. 9 eru þau, að viðtakendur geti sýnt framfarir, sem fyrir eru á lögum.

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, miðvikudaginn 9. júní kl. 2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu hluta af erfðafestulöndunum Laugarásblettum III, IV, VI, VII, IX, XI, XII, XIII og XVIII.
2. Samþ. að aðvara þá sem gefinn hefir verið kostur á lóðunum Efstasund 29, 37 og 39 um að hefjast handa um byggingar, ella verði öðrum gefinn kostur á lóðunum.
3. Samþ. eftirfarandi lóðaúthlutun, með þeim skilmálum, að byrjað veðri nú þegar á húsbyggingum á lóðunum:

Sigurður L. Ólafsson	Freyjug. 24	fái	Ásveg	11
Kristján Sigurjónsson	Hvg. 28	“	“ “	16
Tómas Tómasson	Njg. 110	“	Efstasund	8
Ellert Þórðarson	Barón. 20	“	“ “	9
Jóhann B. Sveinsson	Hömrúm Sev.	“	“ “	20
Guðm. Jónsson	Öld. 7 a	“	“ “	47
Eyjólfur Þorsteinsson	Leifsg. 23	“	“ “	49
Marínó B. Valdimarsson	Baugsv. 19	“	Hólsv.	11
Haraldur S. Sigurðsson	Grandav. 39	“	Langholtsv.	26
Jón Mangússon	Reyjug. 32	“	“ “	46
Jóhann G. Sigurðsson	Sólbr. v/Langhv.	“	“ “	54
Karl Finnbogason	Njg. 49	“	A-götu	1
Þormóður Ögmundsson	Bjarn. 4	“	“ “	3
Óskar M. Jóhannsson	Fálk. 20	“	“ “	5
Einar Jónsson	Bergþ. 27	“	“ “	15
Asgeir H. Guðmundsson	Bald. 27	“	“ “	27
Sigurður Guðmundsson	Luv. 38	“	“ “	28
Jóhann M. Hallgrímsson	Njg. 85	fái	A-götu	48
Jón Pálsson	Útskálumv/Suðurv.	“	B-” “	17
Sigurjón Sigurðsson	Skólav. 3	“	Flókagötu	31
Kjartan Magnússon	Frakk. 14	“	“ “	37
Óskar Gíslason	Skeggjag. 5	“	“ “	39
Björn Þórðarson	Laufásv. 10	“	“ “	41
Indriði Níelsson	Lvg. 38	“	“ “	43
Jóhann Ingvarsson	Þórsg. 8	“	Háteigsv.	24
Diðrik Helgason	Reynimel 54	“	“ “	26
Sigurjón Pálsson	Þórsgötu 27	“	“ “	28
Jón Stefánsson	Lvg. 98	“	Miklabr.	9
Halldór Björnsson	Karlag. 12	fái	nr. 6 við ónefnda götu í Eskihliðartúni	
Magnús Ísleifsson	Kirkjutorgi 6	“	nr. 8 við sömu götu	

Skilyrði fyrir úthlutun lóðanna Flókag. 31 og Miklubraut 9 eru þau, að viðtakendur greiði andvirði mannvirkja, sem fyrir sjeu á lóðunum.

4. Vegna fyrirspurnar Jóns A. Péturssonar á síðasta fundi bæjarráðs, skýrði borgarstjóri frá því, að skv. upplýsingum frá lögreglustjóra hjeldu lögregluþjónar bæjarins að staðaldri skotæfingar að næturlagi inni í Vatnagörðum, enda teldi lögreglustjóri óhjákvæmilegt, að lögregluþjónarnir kunni að fara með skotvopn.
5. Lagðar fram til athugunar tillögur bæjarverkfræðings og húsameistara bæjarins um framtíðar gatnaskipun í Miðbænum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Sigfús Sigurhjártarson Jón Axel Pétursson

Jakob Möller Guðm. Ásbjörnsson

Helgi H. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 11. júní kl. 1 1/2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Á fundinn mættu Skipulagsnefndarmennirnir Geir G. Zöega vegamálastjóri og Emil Jónsson vitamálastjóri og ennfr. fulltrúi nefndarinnar Hörður Bjarnason arkitekt. Var lagður fram til athugunar tillöguuppdráttur nefndarinnar af skipulagi Miðbæjarins og ræddur með samanburði við tillöguuppdrátt bæjarverkfræðings og húsameistara bæjarins, sem var lagður fram á bæjarráðsfundi 9. þ.m.
2. Borgarstjóri skýrði frá því, að þrátt fyrir umsókn um byggingarefni 23. mars og ítrekaða fyrirspurnir síðan hjá þeim, sem ráða innflutningsmálunum, hafi ekki tekist að fá viðunandi svör og því sje ekki fyrirbyggjandi efni nú til að hefja nýjar byggingarframkvæmdir. Bæjarráð felur borgarstjóra að fylgja málinu eftir.
3. Lagt fram brjef dómsmálaráðuneytisins, dags. 9. þ.m., með tilkynningu um að ráðuneytið hafi ákveðið að fyrirskipa ekki frekari aðgerðir út af rjettarrannsókn, sem fram hefir farið vegna nokkurra ráðstafana starfsmanna A. S. Höjgaard & Schultz á hitaveituefni.
4. Lögð fram útskrift af dómi hæstarjettar í dag í skaðabótamáli Lárusar Jóhannessonar gegn bæjarsjóði og ríkissjóði.
5. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 26. f.m., varðandi fjölgun lögregluþjóna. Að gefnu tilefni í brjefinu tekur bæjarráð fram, að það telur að lögregluþjónum beri ekki að fjölga meira en svo, að þeir verði 80 alls.
6. Bæjarráð mælir með tillögu sakadómara í brjefi 1. þ.m., um að Brandur Brynjólfsson verði skipaður lögregluþjónn hjer í bænum frá þeim degi að telja.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjärtarson
Jón Axel Pétursson Jakob Möller
Helgi H. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 22. júní kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að taka tilboði frá Stefáni Einarssyni um byggingu spennistöðvar við Freyjugötu.
2. Samþ. að fallast á tillögu rafmagnsverkfræðings hjá Rafmagnsveitunni og Sogsvirkjuninni nú í sumar.
3. Erindi húsameistara ríkisins, dags. 25. f.m., og umsögn rafmagnsstjóra, dags. 22. þ.m., varðandi rafmagnshitun í Stjórnarráðshúsinu vísað til hitaveituverkfræðinganna til umsagnar.
4. Erindi Kjartans Guðmundssonar og Nóa Kristjánssonar innheimtumanna hjá Sjúkrasamlaginu um að verða skipaðir fastir starfsmenn bæjarins vísað til umsagnar stjórnar samlagsins.
5. Bæjarráð mælir með því að Runólfur Pétursson Fálk. 27 fái veitingaleyfi í lög-sagnarumdæmi Reykjavíkur.
6. Lagt fram brjef frá stjórn kirkjugarðanna í Reykjavík, dags. 4. þ.m., varðandi fyrirhugaða yfirtöku bæjarstjórnar á kirkjugörðunum.
7. Lagt fram brjef frá Byggingarfélagi verkamanna, dags. 18. þ.m., með tilkynningu um fundarsamþykkt á aðalfundi fjelagsins 9. f.m.
8. Lögð fram umsókn Tennis- og Badmintonfjelags Reykjavíkur um kr. 4000.- styrk úr bæjarsjóði til byggingar tennisvallar á Íþróttavellinum.
9. Lagðar fram fundargerðir loftvarnanefndar 21. maí og 7. júní síðastl.
10. Lagt fram brjef frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 16. þ.m., varðandi greiðslu kostnaðar við fyrirhugað starf námsstjóra og fræðslumálfulltrúa.
11. Lagt fram brjef frá Ljósmeðrafjelagi Reykjavíkur, dags. 27 f.m., með áskorun um að nú verði skipaðar 3 - 4 ljósmeður hjer í bænum með launum úr bæjarsjóði. Sömul. lögð fram umsögn hjeraðslæknis um erindið, dags. 7. þ.m.
12. Synjað tilboði Jónasar Sveinssonar um sölu á gripahúsi við Tungu.
13. Synjað erindi byggðafjel. Fossvogs um að stækka megi íbúðarskúra á löndum þeirra upp í allt að 100 ferm.

14. Samþ. að verða við beiðni Kristjáns Friðrikssonar Skólav. 19 um leyfi til að nýta lóðina Efstasund 4 til ræktunar með nánari skilmálum er borgarstjóri setur.
15. Lagt fram brjef frá Sjómannadagsráðinu dags. 11. þ.m., með beiðni um að fyrirhuguðu Dvalar- og hvíldarheimili sjómanna verði ætluð lóðin sem Laugarnesspítalinn stóð á.
16. Póst- og símamálastjórnin sendir bæjarstjórn til umsagnar erindi Strætisvagna Reykjavíkur um breytingu á ferðaáætlun á leiðinni Reykjavík-Fossvogur. Bæjarráð telur ekki ástæðu til að láta í tje umsögn um málið.
17. Samþ. að heimila Sigurði Benediktssyni, Aust. 12, að setja upp blaðasöluskúr við Hafnarfjarðarveginn, eftir nánari tilvísun bæjarverkfræðings.
18. Samþ. að leyfa Jóni G. Péturssyni að byggja íbúðarhús úr timbri, múrhúðað, á erfðafestulandinu Laugarásbl. XV, eftir nánari tilvísun bæjarverkfræðings.
19. Beiðnum um byggingar á erfðafestulöndunum Þvottalaugabl. XV og XX synjað að svo stöddu.
20. Lagt fram brjef frá Landbanka Íslands, dags. 22. þ.m., þar sem tilkynnt er að bankinn muni lána til bráðabirgða það fje, sem talið er að enn muni þurfa að fá að láni, til að ljúka að fullu hitaveituframkvæmdunum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjartarson

Helgi H. Eiríksson Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 25. júní, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa viðbyggingu úr timbri við íbúðarhúsið á erfafestulandinu Þvottalaugabl. XXV.
2. Erindi bæjarsímastjóra um leyfi til að reisa jarðsímahús bak við lóðina nr. 147 við Laugaveg, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
3. Samþ. að gefa Snorra Halldórssyni Guðrúnarg. 3 kost á leigulóðinni Gunnarsbraut 42, með skilmálum er greinir í umsókn hans, dags. 1. þ.m.
4. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti beiðni barnavinafjel. Sumargjafar, dags. 23. þ.m., um að breyta megi barnaheimilinu Vesturborg.
5. Samþ. að leyfa Sveinbirni Jónssyni að byggja bifreiðaskúr á erfðafestulandi hans í Ártúnsbrekku.
6. Samþ. að láta Jón H. Jóhannesson Suðurpól 7 fá á leigu landið Árbæjarblett 51.
7. Synjað beiðni Árna Grímssonar Njg. 43 B um leyfi til að byggja bráðabirgðahús í Eiðislandi.
8. Samþ. að gera leigusamning um iðnaðarlóðina Nóatún 1 við h.f. „Stilli“.
9. Synjað erindi J. Bjarna Péturssonar Vest. 46 A um að selja honum lóðarspildu bak við fyrrgreint hús hans.
10. Samþ. að gefa J. Bjarna Péturssyni kost á leigulóð í Kaplaskjóli til geymslu á stál-tunnum.
11. Lagt fram brjef nefndar, er haft hefir til umsagnar og endurskoðunar frv. að nýrri byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík, reglugjörð um byggingarleyfisgjöld og erindisbrjefi fyrir byggingarfulltrúa.
12. Samþ. að fela borgarstjóra að semja um kaup á vjelum og áhöldum á Korpúlfsstöðum
13. Borgarstjóri lagði fram svohlj. tillögu:

Kr. 3. - á mánuði fyrir allt að 10 sýningar vikulega.

“ 4. - “ “ “ “ 11-16 “ “ “ “
 “ 5.- “ “ “ “ “ 17 “ “ “ “

og þar yfir.

Gjaldið greiðist með álagi skv. verðlagsvísitölu. Gjald dagar eru 1. apríl, 1. júlí, 1. oktbr. og 31. desbr. fyrir liðinn ársfjórðung. Ætlast er til gjald þetta greiðist frá byrjun þessa árs telja og þar til annað verður ákveðið. Tillögunni vísað til bæjarstjórnar.

14. Lagt fram brjef frá Jóni Sveinssyni, Brekkustíg 6 a, varðandi flutning á pylsvagni hans úr Kolasundi.
15. Erindi húsaleigunefndar, dags. 24. þ.m., vísað til borgarstjóra til meðferðar.
16. Erindi Björns Vigfússonar fyrir. lögregluþjóna varðandi greiðslu eftirlauna til hans og starfsemi framvegis, vísað til borgarstjóra til athugunar.
17. Lagðar fram til athugunar umsóknir um íbúðir í nýbyggingum bæjarins við Hringbraut.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Helgi H. Eiríksson

Jón Axel Pétusson Sigfús Sigurhjártarson

Guðm. Ásbjörnsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, laugardaginn 26. júní kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Tekið fyrir að ákveða hverjum af umsækjendum um íbúðirnar í bæjarhúsunum við Hringbraut 137-147 skuli gefinn kostur á að kaupa íbúðirnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benekitsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson

Jakob Möller Sigfús Sigurhjartarson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 2. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Jóni Þorleifssyni að reisa hlöðu, fjós og safnþró úr steinsteypu og timbri á erfðafestulandinu Breiðholtsbletti I.
2. Samþ. að gefa Ingólfi Isebarn Þingh. 29 kost á leigulóðinni nr. 21 við Hrístateig.
3. Samþ. eftir beiðni E. Lövdal, að gefa Markúsi Ísleifssyni kost á lóðinni Miklubraut 13. Jafnframt afsalar Markús sjer lóð, er honum var gefinn kostur á 9. júní síðastl. nr. 8 við ónefnda götu í Eskihlíðartúni.
4. Lögð fram fundargerð byggingamálanefndar 28. júní síðastl. , með tillögum umskipun byggingarnefndar bæjarins. Falið borgarstjóra til athugunar.
5. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 23. júní. Bæjarráð óskar eftir nánari upplýsingum um ljóskastara, sem nefndin leggur til að keyptir verði.
6. Samþ. að gefa Eiríki Þorsteinssyni Hvg. 104 a og Guðm. Kristjánsyni Njg. 77 kost á iðnaðarlóð sunnan Suðurlandsbrautar, eftir nánari útvísun síðar.
7. Lagt fram brjef frá Ágústi Sigurðssyni dags. 30. f.m., með tillögum hans um æskulýðshöll og tómstundaheimili hjer í bænum.
8. Samþ. að verða við tilmælum h.f. Sjóvá tryggingarfjel. Íslands í brjefi dags. 29. f.m., um að uppsagnarfrestur á samningi 9. mars 1939 um brunatryggingar í Reykjavík verði framlengdur til 1. ágúst næstk.
9. Samþ. að auglýsa til umsóknar starf fræðslumálafulltrúa, með umsóknarfresti til 1. ágúst næstk.
10. Lögð fram umsögn Helga H. Eiríkssonar um brjef frá stjórn Kirkjugarðanna varðandi yfirtöku bæjarins á Kirkjugörðunum. Bæjarráð fellst á að senda umsögnina sem svar sitt við brjefinu.
11. Lagt fram erindi Sigurðar Jónssonar og Kristm. J. Sigurðssonar lögregluþjóna, dags. 24. júní, um að þeim verði reiknuð aldursuppbót frá þeim tíma er þeir fyrst tóku við störfum sem lögregluþjónar ríkisins hjer í bænum. Samþ. að verða við erindinu.

12. Borgarstjóri skýrði frá því að hann hefi ekki náð samkomulagi við eiganda Grafarholts um kaup á jörðinni, skv. 3. gr. laga nr. 52, 14. apríl 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Bæjarráð ákveður að láta taka jörðina, ásamt nýbýlinu Engi, eignarnámi skv. nefndri lagagrein og felur borgarstjóra að annast framkvæmd eingarnámsins af bæjarins hálfu.
13. Ákveðin þessi nöfn á herbergjum bæjarins í nýja Stúdentagarðinum: Arnarhóll, Hólsvellir, Laugarnes, Ingólfsbær, Skúlabúð.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson

Björn Bjarnason Jón Axel Pétursson

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, fimmtudaginn 8. júlí kl. 2 1/2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa stækkun á íbúðarhúsinu Austurvöllur á erfðafestulandinu Kapla-skjólsmýri II.
2. Samþ. að gefa Friðrik Sigurðssynir Litlalandi kost á leiglóðinni nr. 33 við Hrísa-teig og Vilhjálmi Jónssyni Kirkjuteig 13 kost á lóðinni nr. 15 við Kirkjuteig. Það skilyrði er sett, að byrjað verði í byggingum á lóðunum fyrir 1. ágúst næstk.
3. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í maí síðastl.
4. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um framkvæmdir við aukningu Ljósafoss-stöðvarinnar til loka júnímánaðar.
5. Borgarstjóra falið að svara brjefi milliþingnefndar í jarðeigna- og lóðarmálum dags. 14. maí síðastl.
6. Lagt fram brjef frá barnavinafjelaginu Sumargjöf, dags. 2. þ.m., varðandi breytingar og endurbætur á húseignunum er bærinn kaupir af frú Helgu Níelsd. Bæjarráð telur ekki fært að láta breyta húsunum á kostnað bæjarsjóðs, er felur borgarstjóra að halda áfram samningum við „Sumargjöf“ um rekstur húsanna.
7. Erindi Aðalsteins Jóhannssonar, dags. 8. þ.m., vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
8. Samþ. að skipa Kjartan Guðmundsson og Nóa Kristjánsson fasta innheimtummenn við innheimtu sjúkrasamlagsiðgjalda með launum skv. VIII. flokki.
9. Erindi Jóhannesar Ásgeirssonar og Sveins Ólafssonar, dags. 8. apríl þ.á., um að verða skipaðir fastir starfsmenn, ekki sinnt.
10. Eftir tilmælum lögreglustjóra í brjefi, dags. 6. þ.m., var ákveðið að greiða lögregluþjónunum, sem skipaðir voru eftir tillögu hans á síðasta bæjarstjórnarfundum, laun frá 1. maí síðastl. að telja.
11. Synjað beiðni Erlendar Jónssonar í brjefi 28. þ.m., um lóðarrjettindi fyrir hús, er hann hefir reist á erfðafestulandinu Sogamýri II.
12. Samþykkt úthlutun byggingarlóða í Langholtinu:

Þorsteinn Kristjánsson Rán. 29	fær	A-götu	17
Stefán Stefánsson Grjótheimum	“	“ “	18
Auðunn Jóhannesson Guðrúnarg. 4	“	“ “	19
Hallgrímur Magnússon Sunnubóli	“	Asveg	17
Jóhann S. Dalberg Hvg. 92 a	“	B-götu	19
Ragnar Jóhannesson Hofsv. 17	“	“ “	21
Guðlaugur Þorsteinsson Mánag. 15	“	Langholtsv.	24
Sveinn Sveinsson Framnesv. 44	“	“ “	28

13. Lögð fram greinargerð Helga Sigurðssonar verkfr. um heimæðakostnað hitaveitunnar, svo og tillaga hans og bæjarverkfræðings um gjaldskrá heimæðanna. Málinu frestað til næsta fundar bæjarráðs.
14. Samþ. tillaga loftvarnanefndar um kaup á 30 ljóskösturum fyrir loftvarnasveitirnar.
15. Bæjarráð samþ. ekki tillögu loftvarnanefndar um kaup á rafhlöðulömpum í loftvarnabyrgin við Miðbæjarskólann.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson

H. Guðmundsson Björn Bjarnason

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 23. júlí kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa byggingu útihúsa á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XX, með því skilyrði að byggingarnar verði teknar af landinu bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvenær sem krafist verður. Þetta skilyrði verði þinglesið.
2. Synjað beiðni Viggós Jóhannessonar um leyfi til að byggja bráðabirgðahús á erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri III. Hins vegar mun bæjarráð ekki krefjast þess, að svo stöddu, að húsið, sem þegar er fullgert að miklu leyti, verði flutt af landinu.
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl XXIX, með mannvirkjum, fyrir kr. 20.000. - Hafnað.
4. Samþ. að taka erfðafestulandið Kringlumýrarblett XXX úr erfðafestu, skv. ákvæðum erfðafestubrjefsins.
5. Synjað beiðni Halldóru Björnsdóttur um erfðafestuland við Kringlumýrarveg.
6. Erindi Árna S. Böðvarssonar um lóð fyrir íshús og sjóhús vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
7. Erindi Þorvarðs Björnssonar Miklubr. 26 um lóð undir bifreiðaskúr, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
8. Eftir beiðni Gottskálks Þ. Gíslasonar, Hringbr. 203, var samþ. að gera leigusamning um lóðina Efstasund 22 við Þorstein Kristjánsson, Rán 29. Jafnframt afsalar Þorsteinn sjer lóðinni við A- götu 17.
9. Synjað erindi Björns K. Sigurbjörnssonar um 8 - 10 ára lóðarleigusamning fyrir skúr við Hafnarsmiðjuna.
10. Samþ. að gera samninga um iðnaðarlóðirnar hf. Júnó við Hlíðarveg til 40 ára h.f. Öskju við Höfðatún 12 til 5 ára. Mjólkurstöðvarinnar við Suðurlandsbraut til 75 ára.
11. Lagt fram mat lóðamatsnefndar á leigu eftir þessar iðnaðarlóðir: H.f. Pípuverksmiðjunnar, Steins Júl. Árnsonar, h.f. Lakkrísgerðarinnar, Berh. Petersen Sólv. 80, H. Benediktsson og co við Smirilsveg, h.f. Egils Vilhjálmssonar Lvg. 118,

- h.f. Fiskimjöl við Köllunarklett, hf. Stálsmiðjunnar við Hringbraut, h.f. Höfðavíkur, Skúla Thorarensen Borgartún 7, h.f. Lýsi við Grandaveg. Tillaga Jóns A. Péturssonar um að óska eftir yfirmati, var felld.
12. Erindi Ólafar Kristjánsdóttur Berg. 28 b, um leyfi til að setja niður söluskúr nálægt Vatnsprónni, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
 13. Erindi s.f. Stálsmiðjunnar um leigulóð til byggingar járnskipa, vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til afgreiðslu í samráði við hafnarstjórn.
 14. Lagt fram erindi Mangúsar Guðlaugssonar um bráðabirðgaskýli við Grandaveg. Bæjarráð samþ. að krefjast þess ekki fyrst um sinn, að skýlið verði flutt burtu og vísar til rafmagnsstjóra til afgreiðslu tilmælum um að leggja að því rafmagnsleiðslu.
 15. Lagt fram brjef skipulagsnefndar, dags. 22. þ.m., með tillöguuppdrætti að skipulagi bæjarins innan Hringbrautar, ásamt greinargerð nefndarinnar, dags. 7. þ.m.
 16. Lagt fram brjef hafnarstjóra, dags. 5. þ.m með erindi Bandaríkjahersins um uppsetningu krana við höfnina. Ennfr. lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um málið, dags. 23. þ.m.
 17. Lagt fram frv. að gjaldskrá fyrir heimæðar hitaveitunnar, samið skv. tillögum bæjarverkfræðings og Helga Sigurðssonar verkfr. er voru lagðar fram á fundi bæjarráðs 8. þ.m., sbr. 13. lið fundargerðarinnar.
 18. Lögð fram umsögn Helga Sigurðssonar verkfr. um erindi húsameistara ríkisins, dags. 25. maí síðastl, um leyfi til að hita stjórnarráðshúsið með rafmagni. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að leyfið verði veitt til bráðabirgða og felur rafmagnsstjóra málið til meðferðar.
 19. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 7. þ.m., varðandi fyrirhugaða stækkun spennistöðvar í Hafnarfirði. Málið falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
 20. Lagt fram brjef frá h.f. Sjóvátryggingarfélagi Íslands, dags. 19. þ.m., með tilboði um að endurnýja brunatryggingarsamning um húseignir í bænum, dags. 9 mars 1939, með þeim breytingum, **að** samningnum megi segja upp hvenær sem er með 9 mánn. fyrirvara miðað við 1. apríl ár hvert, **að** ákvæði þessa samnings um 10% iðgjaldalækkun aukalega vegna hitaveitu, falli niður þar til sjeð verður hver áhrif hitaveitu muni hafa á brunahættu, **að** núverandi afsláttur frá iðgjöldum eins og þau voru fyrir 1. apríl 1939 verði lækkaður í 10%. Ákveðið að fá umsögn Björns Björnssonar hagfr. um málið, en því annars vísað til bæjarstjórnar.

21. Sóknamefnd Laugarnessóknar fer fram á, að vinningur í húshappdrætti sóknarinnar verði undanþeginn útsvarsgreiðslu. Bæjarráð vísar til þess, að það sje ekki á valdi bæjarstjórnar að kveða á um útsvarskyldu.
22. Erindum Emils Tómassonar og Krstjans Eiríkssonar varðandi sumarfrí, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
23. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 6. júlí síðastl.
24. Lagt fram brjef viðskiptaráðsins, dags 9. þ.m., um viðskipti þess við fulltrúa bæjarins um beiðnir borgarstjóra um innflutning á byggingarefni nú á síðastl. vori. Sömuleiðis lagt fram brjef Einars Sveinssonar húsameistara bæjarins um málefni þetta dags. 19. þ.m.
25. Bæjarráð ákveður að þeim, sem gefinn hefir verið kostur á íbúðum í bæjarhúsunum við Hringbraut, skuli hafa greitt af andvirði íbúðanna sem hjer segir, fyrir 15. ágúst næstk: Af andvirði 3ja herb. íbúða kr. 13.000.-

“ “ 2ja “ “ íbúða “ 10.000.-

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller Guðm. Ásbjörnsson

Jón Axel Pétursson Björn Bjarnason

Helgi H. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, fimmtudaginn 29. júlí kl. 2 síðdegis hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Árna Grímssyni, Njál. 43 A, kost á lóðinni nr. 17 við A-götu.
2. Samþ. að gefa Högna Magnússyni, Týsg. 8, kost á leigulóð við Sogaveg, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.
3. Lagt fram bréf frá h/f Steðja þar sem þess er óskað, að Lindargata verði framlengd að baklóðinni nr. 34 við Lindargötu. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
4. Lagt fram bréf Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl. um skaðabætur til Harðfisks-sölnunnar vegna skipulagsbreytinga. - Falið borgarstjóra og bæjarverkfræðingi til athugunar.
5. Synjað beiðni Guðlaugar Björnsdóttur um leyfi til að byggja gripahús á Þvottalaugavegi XXVII.
6. Synjað beiðni Guðnýjar Pálsdóttur um leyfi til að byggja hæsnahús á Laugamýrarbletti III.
7. Lagt fram tilboð Hermanns Björnssonar, Signýjarstöðum, um ámokstur sands og rauðamalar á bíla. - Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
8. Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn, að Skúlagata verði gerð að aðalbraut frá Ingólfsstræti að Höfðatúni.
9. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu Kleppsmýrarblett I A. og að leigja erfðafestuhafanum, Magnúsi Jónssyni, lóðina nr. 21 við Langholtsveg.
10. Lagt fram bréf Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um stofngjald hitaveitunnar og innheimtu afnotagjaldsins.
11. Lögð fram matsgjörð húsaleigunefndar á leigu eftir herbergi í Hótel Heklu.
12. Lagt fram bréf byggingarmálanefndar þar sem nefndin leggur til, að komið verði á stofn rannsóknarstöð fyrir allskonar byggingarefni. - Samþ. að leita umsagnar verkfræðingafélags Íslands og óska þess, að félagið undirbúi lagafrumvarp um málið, ef það telur rétt að sinna því.
13. Lagt fram bréf viðskiptamálaráðuneytisins, dags í dag, varðandi innflutning byggingarefnis.

14. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn, að bæjarsjóður taki við rekstri sjúkrahúss Hvítabandsins, frá 1. jan. 1944 með hætti, sem gert er ráð fyrir í bréfi sjúkrahússráðsins, dags. 22. júlí, og fylgiskjölum þess.
15. Lögð fram álitsgjörð nefndar þeirrar, er kosin var á bæjarstjórnarfundi 2. apríl s.l. til þess að skipuleggja skemmti- og íþróttasvæði í svonefndum Laugardal.
16. Lagt fram bréf Árna B. Knudsen um kaupgreiðslu til hans í veikindaforföllum.
- Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Björn Bjarnason

Jón Axel Pétursson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, fimmtudaginn 12. ágúst, kl. 3 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Ákveðið að synja erindi Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., dags. 27. f.m., um að bæjarsjóður greiði kr. 33.850. - fyrir tjón er hann telur að Harðfisksalan hafi orðið fyrir vegna fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á svæðinu við Þverholt nr. 11.
2. Samþ. að taka tilboði Þórðar Jasonarsonar Sóleyjarg. 23, um byggingu úti-spennistöðvar í Hafnarfirði fyrir kr. 16.800. -
3. Synjað erindi Dýrfinnu Gunnarsdóttur um rafmagnshitun á húsi hennar, Sundlaugavegi 7.
4. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að gefa Ingibjörgu Jakobsdóttur kost á næturrafmagni til hitunar á húsinu Bólstað við Laufásveg.
5. Rafmagnsstjóra falið að kæra Jón Sveinsson, lögg. rafmagnsvirkja fyrir óleyfilega straumtöku.
6. Synjað erindum frá Jóni Jónssyni Bráv. 26 og Þórhalli Arnórssyni um rafmagn til notkunar í sumarbústöðum í Vatnsendalandi.
7. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að veita Jónasi J. Ásgrímssyni Lvg. 27 löggildingu til að starfa sem rafmagnsvirki við lágspennuveitur í Reykjavík.
8. Synjað erindi frá Birni Konráðs um að lögð verði rafmagnsheimtaug í gamla vitann á Vitatorgi.
9. Lögð fram og rædd tillaga Gunnars Þorsteinssonar frá bæjarstjórnarfundi 5. þ.m. varðandi íþrótt- og skemmtisvæði í Laugardalnum.

Bæjarráð gerir svohlj. tillögu til bæjarstjórnar.

„Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að skemmti- og íþróttasvæði fyrir bæinn skuli ætlaður staður á þeim slóðum sem nefnd kosin á bæjarstjórnarfundi 2. apríl síðastl. hefir lagt til og ákveður að leyfa megi ný mannvirki á landi því, sem í tillögum nefndarinnar greinir, fyrr en fullnaðarákvarðanir hafa verið teknar um hagnýtingu landsins, og felur nefndinni að gera sem fyrst tillögur um einstök atriði hagnýtingarinnar.“

10. Synjað erindi Konráðs Gíslasonar Hringbr. 218 um leigu á viðbyggingu við hótél Heklu til að versla þar með íþróttavarni.
11. Lagðar fram matsgerðir lóðarmatsnefndar á leigu eftir iðnaðarlóðir Magnúsar Guðmundssonar við Mýrargötu og verksm. hans við Hlíðarveg.
12. Synjað erindi Þorláks Hálfðánarsonar Skothv. 7 um lóð í Grímsstaðaholti.
13. Synjað erindi frá Guðlaugu Björnsdóttur um byggingu búpeningshúsa á erfða-festulandinu Þvottalaugabl. XXVII, sbr. tillögu í 9. lið.
14. Bæjarráð samþykkir að Hjörtur Jónsson fái erfðafesturjett að erfðafestulöndunum Sogamýrarbl. XIV og LVIII, en Haraldur Jónsson að landinu Sogamýrarbl. XXV.
15. Erindi Sigurðar Arngrímssonar Bergsst. 28 B um batur fyrir tjón við að koma í veg fyrir eldsvoða, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
16. Synjað erindi Guðm. H. Þorlákssona um byggingarlóð á Kringlumýrarbl. XXX.
17. Lögð fram skýrsla frá hjeraðslækni um starfsemi ljósmæðra í Reykjavík árin 1937-1941.
18. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 4. þ.m., varðandi byggingu áburðarverksmiðju.
19. Lagt fram brjef frá dómsmálaráðuneytinu dags. 9. þ.m., með tillögu um að ráðuneytið og bæjarstjórn feli 3ja manna nefnd að endurskoða álitserð Ágúst Sigurðssonar um æskulýðshöll í Reykjavík og annast frekari undirbúning málsins. Bæjarráð felst á tillöguna og felur borgarstjóra að ræða við ráðuneytið um skipun nefndarinnar.
20. Lagt fram brjef frá A. S. Höjgaard & Schultz, dags. 7. þ.m., með yfirliti um hvað nú líði hitaveituf framkvæmdunum og líkum fyrir því, að þeim megi ljúka nú í haust í samræmi við áætlanir á síðastl. vetri. Sömuleiðis lagt fram brjef bæjarverkfræðings um sama efni, dags. 12. þ.m.
21. Lögð fram ársskýrsla um starfsemi Styrktarsjóðs verkamanna og sjómanna-fjelaganna í Reykjavík árið 1942.
22. Ákveðið að afturkalla úthlutun lóðanna Efstasund 15,21,23, og 47 og nr. 24 við Langholtsveg.
23. Samþ. eftirfarandi úthlutun byggingarlóða.

Porkell Ingibergsson Brag. 25	fær	Efstasund	21
Þorsteinn Guðmundsson Laug. 70 B	“ “	“ “	23

Jón G. Bjarnason Lind. 28	“ “	“ “	47
Kristján Gunnarsson Kár. 2	“ “	Kamsveg	3
Ingvar Arnason Lvg. 16	“ “	“ “	5
Arný Agústsdóttir Efstasund 28	“ “	“ “	7
Guðm. Kr. Jónatansson Laufholti		hornlóð við Kamsveg og Asveg.	
Magnús Haraldsson Bald. 22	fær	Hjallaveg 30 með skilyrði um samþykki eigenda kartöflugarðs á lóðinni	

24. Samþ. að leyfa Oddi Jónssyni að byggja viðbyggingu úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýri V.

25. Jakob Möller bar fram svohlj. tillögu:

„Bæjarstjórn samþykkir að starfræksla pylsuvagna verði leyfð á horni Pósthússtrætis og Tryggvagötu.”

Tillögunni vísað til bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjártarson

Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

H. Guðmundsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, fimmdaginn 26. ágúst kl. 2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi h.f. Almenna Byggingarfelagsins, dags. 26. ágúst, varðandi leigulóð til iðnreksturs við Reykjanesbraut, vísað til Skipulagsnefndar til umsagnar.
2. Samþ. að gefa Steindóri Einarssyni kost á lóðinni nr. 77 við Sólvallagötu.
3. Lögð fram umsögn Skipulagsnefndar, dags. 19. þ.m., um beiðni Gróu Jóhannesdóttur Frakk. 23, dags. 22. maí þ.á, um leigulóð til viðbótar lóð hennar. Erindinu synjað.
4. Samþ. að tilkynna Guðbirni Ásmundssyni, að svo stöddu verði ekki tekin ákvörðun um að leigja honum lóðina nr. 18 a við Baldursgötu.
5. Lagt fram brjef frá íþróttaráðunaut bæjarins, dags. 23. þ.m., með tillögum um endurbætur á Sundlaugunum. Ákveðið að óska eftir nákvæmri kostnaðaráætlun.
6. Lagt fram brjef frá Vjelasmiðjunni Steðja h.f., dags. 23. júlí síðastl., með beiðni um að Lindargata verði framlengd að baklóðinni Skúlagötu 34. Bæjarráð mun að sínu leyti stuðla að því, að aðilar geti sjálfir lagt veg að baklóðinni, en mun ekki leggja veginn á kostnað bæjarsjóðs.
7. Lagt fram brjef frá stjórn hestamannafjelaginu Fák, dags. 24. þ.m., með beiðni um að bæjarsjóður kaupi gripahúsin við Tungu ásamt ca. 325 ferm. eignarlóð og leigi fjelaginu síðan. Borgarstjóra heimilað að kaupa eignina fyrir 20 þús. kr. og semja við stjórn Fáks um leigu.
8. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti XII. fyrir kr. 6000. - Hafnað.
9. Lagt fram brjef frá Magnúsi V. Jóhannssyni varðandi sölu á eigninni Nýlendingötu 22, eða hluta af eigninni.
10. Lagðar fram skýrslur Ráðningarstofunnar um starfsemina í júní og júlí þ.á.
11. Synjað erindi Þóru Þórðardóttur um leyfi til að reisa bráðabirgðahús í götustæði Hringbrautar við Framnesveg.
12. Samþ. að gefa Árna S. Böðvarssyni kost á lóð undir frystihús við Grímsstaðavör, eftir nánari útvísun bjarverkræðings síðar.

13. Erindi frá Fjelagi kjötverslana í Reykjavík, varðandi bætta meðferð á kjöti sem flutt er til bæjarins, vísað til borgarstjóra til athugunar.
14. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd, dags. 21. þ.m., varðandi lóð undir fyrirhugaða æskulýðshöll.
15. Bæjarráð fellst á það fyrir sitt leyti, að skipaðir verði í nefnd til að vinna að undirbúningi æskulýðshallar með Ágústi Sigurðssyni magister þeir Ingimar Jóhannesson kennari, Einar Erlendsson Húsameistari og Einar B. Pálsson verkfræðingur.
16. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að fela megi Guðmundi Marteinessyni verkfræðingi, að hafa umsjón með uppsetningu vjela og tækja í dælustöðvum hitaveitunnar.
17. Samþ. að gefa h.f. Ölgerðinni Egill Skallagrímsson kost á rafmagni til hitunar að nóttu til í verksmiðjuhúsi við Þverholt.
18. Samþ. að Rafmagnsveitan kaupi fólksbifreið, er hún á kost á, og verði síðar tekin ákvörðun um notkun hans.
19. Lagt fram brjef frá lögmanni, með tilkynningu um að Þuríður Bárðardóttir ljós- móðir hafi sagt starfi sínu lausu frá 1. oktbr. næstk.
20. Bæjarráð er fyrir sitt leyti samþykkt því, að hætt verði hervörslu við Ljósafossstöðina.
21. Ákveðið að hefja undirbúning og framkvæmdir um byggingu 2ja íbúðarhúsa á Melunum, eftir sömu teikningu, sem húsin eru byggð eftir, sem nú er verið að ljúka við.
22. Lögð fram álitserð dr. Björns Björnssonar, dags. 12. þ.m, um brunatryggingu húsa í Reykjavík og tilboð Sjóváttryggingarfelags Íslands h.f. um nýjan trygg- ingarsamning.
23. Erindi frá Einari Þorsteinssyni Þjórsárg. 4 o.fl. vegna íbúa í Skerjafirði norðan flugvallarins, varðandi fólksflutninga með strætisvögnum, eða betra vegasamband við svæðið, vísað til borgarstjóra til athugunar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller Guðm. Ásbjörnsson

Sigfús Sigurhjartarson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 3. septbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Árna Grímssyni kost á leigulóðinni Langholtsvegi 32, í stað lóðar nr. 17 við A-götu, sem hann afsalar sjer.
2. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Fossvogsbletti II. í tvö lönd, skv. línu á uppdraetti, er fylgi brjefi Hermanns Jónassonar, dags. 27. f.m., enda verði byggður umferðarrjettur frá Fossvogsvégi um efra landið að neðra landinu (nær læknum).
3. Samþ. að gefa Ásmundi Guðmundssyni, Holtsg. 31, kost á leigulóð í Kleppsholti, eftir nánari ákvörðun síðar.
4. Synjað beiðni frá Jóni H. L. Arnfinnssyni Hvg. 94 um leigulóðarrjettindi á lóð í Eiðislandi um ákveðinn tíma.
5. Lögð fram matsgerð lóðamatsnefndar á leigu eftir lóð h.f. Stillis við Suðurlandsbraut og Nóatún.
6. Samþ. að leigja til 25 ára, Þorláki Helgasyni lóð við Seljaveg, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, til þess að flytja þangað húsið nr. 1. við Mýrargötu.
7. Bæjarráð telur ekki unnt að verða, að svo stöddu, við erindi h.f. Vikurfjelagsins, dags. 24. maí þ.á., um vatn frá hitaveitunni til iðnreksturs.
8. Samþ. að segja upp leigusamningi, dags. 26. febr. 1938, um svonefnd frönsku hús.
9. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að hafa eftirlit með og framfylgja banni bæjarstjórnar við rafmagnshitun á tímabilinu kr. 11-12 f.h.
10. Lagt fram erindi frá h.f. Hafnarhvoli, dags. 24. f.m., um rafmagnshitun á efstu hæð húss fjelagsins við Tryggvagötu, svo og umsögn rafmagnsstjóra, dags. 2. þ.m. falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.
11. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dag. 2. þ.m., varðandi gæslu götuljósanna. Vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra.

12. Lagt fram brjef fjelagsmálaráðuneytisins, dags. 2. septbr., með tilkynningu um að ráðuneytið hafi staðfest gjaldskrá fyrir heimæðar hitaveitunnar, er sett var á fundi bæjarstjórnar 19. ágúst síðastl.
13. Lagðar fram tillögur Katrínar Pálsdóttur, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 2. þ.m., varðandi fyrirkomulag á væntanlegum íbúðarhúsum á Melunum. Vísað til húsameistara bæjarins til umsagnar.
14. Lagt fram brjef frá húsaleigunefnd, dags. 3. þ.m., um fyrirhugaða leigu á hermanskálum handa húsnaðislausu fólki. Borgarstjóra falið að svara brjefinu.
15. Lögð fram tillaga Steinþórs Guðmundssonar um bráðabirgðahúsnæði, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 2. þ.m.
16. Lögð fram tillaga Haraldar Guðmundssonar frá bæjarstjórnarfundi 2. þ.m., þar sem bæjarráði var falið að skipa nefnd til að rannsaka atvinnuhorfur bæjarmanna á næsta vetri og gera tillögur um aðgerðir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, ef slíkra aðgerða verður talin þörf. Bæjarráð skipaði þessa menn í nefndina:

Gunnar E. Benediktsson, forstöðumann

Helga H. Eiríksson, bæjarfltr.

Sigurjón A. Ólafsson, form. sjómannaafjel.

Zophonías Jónsson, verkamann

17. Lagt fram brjef póst- og símamálastjóra, dags. 2. þ.m., með tilkynningu um fund er hann hafði haldið 27. f.m. með fulltrúum íbúa í Skerjafirði og Strætisvagnafjelagsins, varðandi samgöngumál Skerjafjarðar, einkum vegna lokunar Hörpugötu.
18. Eftir beiðni Arngríms Kristjánssonar skólastjóra samþykkti bæjarráð fyrir sitt leyti, að utanfararleyfi hans verði ekki bundið við skólaárið 1943-'44.
19. Tekin ákvörðun um sölu 5 íbúða í Melabyggingunni.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller

H. Guðmundsson Helgi H. Eiríksson

Sigfús Sigurhjártarson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 10. septbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Kristins Kristjánssonar, Háteigi, um byggingarleyfi á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXXI.
2. Lögð fram beiðni nokkurra húseigenda við Freyjugötu, um að gatan verði malbikuð á milli Njarðargötu og Barónsstígs nú á þessu ári.
3. Lögð fram beiðni frá Óskari Þorsteinssyni, um að bæjarsjóður komi á holræsisambandi við húsið nr. 3 við Drafnarstíg. Bæjarráð telur ekki fært að sinna beiðninni að svo stöddu.
4. Lagt fram brjef frá Birni K. Sigurbjörnssyni (Vitanum) um að rafmagnsheimtaug verði lögð að húsnæði hans.
5. Lögð fram beiðni frá Guðmundi Kr. Magnússyni Staðarhóli, um að fá keypta lóðarspildu við lóð er fylgir húsi hans. Bæjarráð tekur ekki ákvörðun um erindið að svo stöddu.
6. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að Ármann Halldórsson skólastjóri megi ætla nokkrum hluta af starfstíma sínum næsta skólaár til starfa í þágu millipinganefndar í skólamálum, enda verði allur aukakostnaður greiddur úr ríkissjóði.
7. Bæjarráð fellst á, að launaviðbót á laun kennara við Landspítalann, eftir tilsvareandi reglum og launaviðbót er greidd á laun fastra barnakennara í bænum.
8. Lagt fram brjef frá stjórn Byggingarfjelags Alþýðu, dags. 7. þ.m., varðandi lóðarleigu eftir barnaleikvöll hjá húsum fjelagsins, svo og greiðslu húsaleigu fyrir lessal Bæjarbókasafnisins í húsnæði fjelagsins við Hofsvallagötu. Falið borgarstjóra til athugunar.
9. Samþ. að auglýsa lausa stöðu bæjarverkfræðings frá næstk. áramótum, með umsóknarfresti til 15. oktbr.
10. Bæjarráð leggur til að Helgi Sigurðsson verkfr. verði skipaður forstjóri Vatns- og hitaveitu Reykjavíkur með sömu launum og bæjarverkfræðingur.

11. Lagt fram brjef frá Almennar Tryggingar h.f., dags. 8. þ.m., þar sem óskað er eftir að fjelaginu gefist kostur á, að gera tilboð í tryggingar gegn eldsvoða á húsum í bænum.
12. Ákveðið að svara brjefi h.f. Sjóvátryggingarfjelds Íslands, dags 19. júlí síðastl. varðandi brunatryggingar á húsum í bænum eftir 1. apríl 1944 á þá leið, að bæjarráð muni leggja til að tryggingarnar verði boðnar út, ef fjelagið geti ekki endurnýjað gildandi tryggingarsamning óbreyttan.
13. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra, dags. 8. þ.m., um eftirlit með banni við rafmagnshitun á tímabilinu kl. 11-12 f.h. síðastliðinn vetur.
14. Bæjarráð samþykkir tilmæli í brjefi rafmagnsstjóra, dag. 6. þ.m., um að í skrifstofu Rafmagnsveitunnar verði unnin störf, er þar greinir, fyrir nýstofnað „Samband íslenskra rafveitna”.
15. Lögð fram fundargerð skólanefndar Laugarnesskólans 9. þ.m. Bæjarráð óskar eftir umsögn skólalæknanna um ráðstöfun þá er í 1. lið greinir.
16. Bæjarráð samþykkir tillögu skólastjóra Laugarnesskólans í brjefi 31. f.m., um skipun umsjónarmanns við Laugarnesskólann.
17. Lögð fram tilkynning Í. S. Í. dags 2. þ.m. um samþykkt ársþings sambandsins 1943 um tryggingu á baðgestum í Sundhöllinni.
18. Lagt fram brjef hjerðaslæknis, dags. 6. þ.m., varðandi fjölgun skipaðra ljósmæðra í bænum.
19. Lagt fram brjef utanríkismálaráðuneytisins, dag. 9. þ.m., með tilkynningu um að húsnæði jarðarinnar Arnarholt á Kjalarnesi muni bráðlega verða rýmt af setuliðinu.
20. Bæjarráð leggur til, að reglugerð um fasteignaskatt í Reykjavík, staðfest 22. nóvbr. 1938 (nr. 117/1938), sett skv. lögum nr. 69, 31. desbr. 1937, verði staðfest óbreytt til að öðlast gildi um næstu 5 ára skeið, frá 1. janúar 1944 að telja.
21. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í ágúst 1943.
22. Eftir beiðni Sigurðar H. Ólafssonar var samþ. að gefa Þorsteini Löve, Hringbr. 203, kost á leigulóðinni Efstasundi 10.
23. Samþ. að gefa Guðmundi Jónssyni Öld. 7 a kost á leigulóðinni Hringbraut 83, með því skilyrði að hann hefji þegar í stað byggingu á lóðinni.
24. Samþ. að gefa Herði Haraldssyni kost á leigulóðinni nr. 108 við Kleppsveg, með sama skilyrði er í 23. lið greinir.

25. Bæjarráð samþ. að tilkynna Ragnari Guðmundssyni Laugarnesv. 36, að lóðin nr. 100 við Laugaveg verði leigð öðrum, þar sem hann hefir ekkert aðhafst um byggingu á lóðinni, þrátt fyrir skilyrði er honum hafa verið sett.
26. Bæjarráð samþ. að heimila bæjarverkfræðingi að vísa á lóðir við Sogaveg, undir bráðabirgðabyggingar íbúðarhúsa, til óákveðins tíma, með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda samþykki aðilar að selja ekki húsin nema með samþykkit bæjarráðs.
27. Samþ. að fela húsameistara bæjarins að gera tillögur um staðsetningu og fyrirkomulag gróðurhúsa á íbúðarhúslóðum í bænum.
28. Ákveðið að biðja húsaleigunefnd að meta til peningaverðs hæfilegan verðmun (eftir stærð og legu) á söluverði herbergjanna í þakhæð íbúðarhúsanna við Hringbraut.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjartarson

Helgi H. Eiríksson Jón Axel Pétursson

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, mánudaginn 27. septbr. kl. 2 1/2 hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðsit:

1. Rætt um bæjarbyggingarnar á Melunum, söluverði íbúða og önnur kjör. Ákvörðun frestað, en gert ráð fyrir að halda fund í fyrramálið.
2. Samþ. að leita tilboða um brunatryggingar á húseignum í bænum frá 1. apríl næstk.
3. Erindi Iðnskólans um að fá til afnota 3-4 kennslustofur í Miðbæjarskólanum nú vetur kl. 6.30 - 9 e.h. á virkum dögum vísað til skólanefndar. Bæjarráð mælir með erindinu fyrir sitt leyti.
4. Lögð fram umsögn skólalæknanna og barnaverndarnefndar um það, hvort rjett muni vera að fella niður starfsemi heimavistar Laugarnesskólans fyrst um sinn, að meðan á byggingu skólahússins stendur. Ennfr. lögð fram greinargerð forstöðukonu heimavistarinnar.
5. Borgarstjóra falið að taka á leigu húsnæði í landi Grafarholts til kennslu nú í vetur.
6. Lögð fram umsögn yfirdýralæknis, dags. 12. sept., um erindi Fjelags kjötverslana í Reykjavík varðandi kjötskoðun.
7. Samþ. að heimila borgarstjóra að gefa Guðm. Grímssyni húsgagnasmið, Lvg. 60, kost á lóðinni nr. 100 við Laugaveg, enda færi hann sönnur á, að hann muni byggja á lóðinni nú þegar og greiði allan áfallin kostnað vegna mannvirkja á lóðinni.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller H. H. Eiríksson
Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjartarson
Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, þriðjudaginn 28. septbr. kl. 11 f.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

Samþykkt að ákveða söluverð íbúðanna í húsunum við Hringbraut nr. 137, 139, 141, 143, 145, 147, samkv. þeim kostnaðaráætlunum, sem nú eru gerðar, en bæjarsjóður taki á sig áhættu á því að þær áætlanir standist. Samkvæmt því ákveðst stofnverð hverrar 3ja herbergja íbúðar kr. 78.275.- og 2ja herbergja íbúðar kr. 64.075.- en þar við bætist álag fyrir horníbúðir, kr. 1500.00 til kr. 2500.00 á hverja þeirra, og enn fremur verðmun fyrir stærri herbergin í rishæðinni, eftir mati.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Jakob Möller Sigfús Sigurhjartarson

Helgi H. Eiríksson Jón Axel Pétursson

Guðm. Ásbjörnsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 1. oktbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa viðbyggingu úr steini við íbúðarhús á Laugamýrarbletti VII.
2. Samþ. að leyfa byggingu bílskúrs úr steinsteypu á erfðafestulandinu Sogamýrabl. XXXVIII, en synjað leyfis fyrir byggingu íbúðarskúrs á landinu.
3. Synjað að svo stöddu beiðni Ferd. Bertelsen um byggingu hæsnahúss á erfðafestulandinu Vatnagarðabletti III.
4. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXVIII eftir beiðni Þóris Baldvinssonar í brjefi, dags. 22. f.m., með því skilyrði að tilraunahúsin, sem reist hafa verið á landinu (hús Sigurðar Þórðarsonar og hús Björns Vigfúss. á framlögum uppdrætti) verði rifin, eða flutt af landinu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, hvernær sem krafist verður.
5. Lögð fram matsgerð á endurkaupsverði fyrir Samtún, dags. 21. f.m. Samþykkt að biðja um yfirmat.
6. Synjað beiðni um byggingu íbúðarhúss á Árbæjarbletti nr. 51.
7. Lagt fram erindi Gagnfræðaskóla Reykvíkinga, dag. 29. septbr., með tilkynningu um ályktun skólanefndarinnar 8. s.m., varðandi lóð undir skólabyggingu.
8. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Bollagötu 16 við dánarbú Ísólfs Pálssonar Frakk. 25 og Sigurð L. Þorgeirssonar Bollg. 16.
9. Erindi Íþróttafjelags Reykjavíkur, 27. f.m., um ókeypiss lóð undir fimleikahús innan Hringbrautar vísað til borgarstjóra og bæjarverkfræðings til athugunar.
10. Samþ. að selja h.f. Ísaga 423 ferm. lóðarspildu við Rauðarárstíg, eftir mati, en með því skilyrði, að bæjarsjóður eigi rjett á að kaupa lóðina aftur fyrir söluverðið, þegar hann þarf á henni að halda.
11. Lagt fram brjef frá h.f. Egill Vilhjálmsson, dags. 25. f.m., með beiðni um að bæjarráð hafi áhrif á, að svæðið milli Laugavegs og Grettisgötu við lóð hans verði rýmt og fjelaginu leigt það. Bæjarverkfr. skýrði frá, að setuliðstjórnin hefði nýlega neitað að svæðið yrði rýmt bráðlega.

12. Erindi frá h.f. Egill Vilhjálmsson, dags. 25. f.m., varðandi byggingu á lóðinni Rauðarárstíg 3 vísað til Skipulagsnefndar til umsagnar.
13. Verslunar- og byggingarfjlagið Borgin afsalar tilkalli til lóðarinnar nr. 21 við Efstasund.
14. Samþ. að leyfa frú M. Rasmus að leggja, á sinn kostnað, vatnsæð úr bæjarkerfinu að erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XX.
15. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd, dags. 13. septbr., varðandi útgáfu bæklinga um skipulag Reykjavíkur og þróun byggingarmála hjer.
16. Brjef frá Jósefinu Rósants Leynimýri, dags. 29. septbr. falið bæjarverkfræðingi og rafmagnsstjóra til meðferðar.
17. Borgarstjóra heimilað að leigja Sláturfjlagi Suðurlands svonefnd „frönsku hús“ við Skúlagötu frá næstu áramótum.
18. Lögð fram tilkynning frá Múrararfjlagi Reykjavíkur, dags. 30. f.m., um að vinnustöðvun verði hafin að morgni þess 8. þ.m. hjá þeim, sem ekki hafi samið við fjlagið fyrir 6. þ.m.
19. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að hús Jóns Arnfinnssonar á Eiðislandi megi standa í 5 ár.
20. Lagt fram brjef frá Farmanna- og Fiskimannasambandi Íslands, dags 21. f.m., með áskorun um að reist verði baðhús við höfnina.
21. Lagt fram brjef frá Fasteignaeigendafjlagi Reykjavíkur, dags 21. septbr., með tilkynningu um ályktanir, sem voru samþykktar á fjlagsfundi 15. s.m., um fyrirhugaða starfsemi hitaveitunnar.
22. Lögð fram krafa Jóns Bjarnasonar, Hringbr. 63, um bætur vegna skemmda, er urðu í húsi hans eftir tengingu miðstöðvarkerfis við hitaveituna, svo og umsögn Jóns Sigurðssonar verkfræðings. Kröfunni synjað.
23. Lögð fram umsögn Hitaveitustjóra um beiðni um rafmagnshitun á efstu hæð Hafnarhvals. Beiðninni synjað.
24. Sam. að fela rafmagnsstjóra að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fylgja fram banni við rafmagnssnotkun til hitunar á tímabilinu kl. 10⁴⁵ - 12 á hádegi.
25. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að skipa Gunnar Stefánsson sem flokksstjóra við loftlínur með launum skv. 6. launaflokki.
26. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar, dags. 15. septbr.
27. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 28. septbr.

28. Samþ. að greiða lögregluþjónum, sem voru skipaðir í bæjarlögregluna 1. desbr. 1942, laun með þriðju aldurhækkun frá 1. desbr. næstk., enda hafi þeir starfað sem ríkislögreglumenn frá 20. nóvbr. 1940.
29. Samþ. að greiða helming kostnaðar vegna kaupa á sjerstökum fatnaði á lögregluþjóna, er aka bifhjólum lögreglunnar.
30. Synjað kröfu Páls Guðnasonar um bætur fyrir það, að frakki hans hafði rifnað á brjefakörfu framan við Landsbankann.
31. Málaleitun svonefndra dagvinnumanna við Gasstöðina um breyttan vinnutíma vísað til gasstöðvarstjóra til afgreiðslu.
32. Lagt fram brjef Starfsmannafjel. Reykjavíkurbæjar, dags. 15. septbr., með tilmælum um, að starfsmenn bæjarins verði, að öðru jöfnu, látnir sitja fyrir væntanlegum stöðum við hitaveituna.
33. Ljósmaðrafjelag Reykjavíkur skorar á bæjarstjórn að skipa nú þegar 4 ljósmaður hjer í bænum.
34. Borgarstjóra falið að semja um akstur á skólabörnum í skólahverfi Austurbæjar-skólans nú í vetur.
35. Samþ. að greiða úr bæjarsjóði hluta af skyldukennslu Sigurlaugar Guðmundsdóttur, kennara við Austurbæjarskólann, nú í vetur.
36. Páll Sæmundsson, c/o versl. Liverpool, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi hjer í bænum. Vísað til bæjarstjórnar.
37. Bæjarráð samþykkir að barnaverndarnefnd ráði Margrjeti Jóhannesdóttur sem hjúkrunarkonu hjá nefndinni.
38. Synjað framkomnu tilboði um að selja bæjarsjóði þvottavjelar, sem nú eru í húsinu nr. 79 við Njálsgötu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Sigfús Sigurhjartarson Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

Jón Axel Pétursson Guðm. Ásbjörnsson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, fimmtudaginn 7. oktbr., kl. 10 1/4 f.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu Laugarásbletti II, IV og XII.
2. Samþ. að afturkalla úthlutun lóðanna Ásvegs 16, Efstasunds 8 og 9, Flókagötu 43, Hjallavegar 1,15,27 og 48, Langholtsvegur 54, Miklubrautar 9, Mjóuhlíðar 6 og 8, sem gerð var 9. júní þ.á., þar sem skilyrðum um að hefjast handa um byggingu hefir ekki verið hlítt. Sömuleiðis samþykkt að afturkalla úthlutun lóðarinnar Kambsvegur 21 frá 8. júlí s.l., af sömu ástæðu.
3. Eftirfarandi lóðarúthlutun samþykkt, með því skilyrði, að hafist verði handa um byggingu fyrir 15. nóvbr. næstk.:

Páll Ólafsson Freyjug. 6	fær	Ásveg	10
Benjamín Jónsson Bjarg. 7	“ “	“ “	16
Jóel Jónsson Bjarn. 9.	“ “	Hjallaveg	15
Ellert H. Ketilson Lvg. 59	“ “	“ “	33
Sigurður Kristjánsson Berg. 28 B	“ “	“ “	35
Guðm. H. Jónsson Sogabl. VI	“ “	“ “	37
Steinþór Asgeirsson Hringbr. 33	“ “	“ “	46
Svava Þórðardóttir Steinholti	“ “	“ “	60
Þorbjörn Jónsson Þórsg. 14	“ “	“ “	66
Þorkell Þorleifsson Læk, Breiðh.	“ “	Hólsveg	10
Þjóðólfur Guðmundsson Lvg. 46	fær	Kambsveg	29
Hilmar Arnason Langhv. 65	“ “	Langholtsv.	60
Gústav Ólafsson Asut. 17	“ “	Miklubr.	9
með skilyrði um kaup á greftri			
Gunnar Ó. Hálfánarson Höfðaborg 64	“ “	Hjallaveg	58

Stærð og lögun lóðanna Hjallavegar 35 og 68 verði ákveðin af bæjarverkfræðingi.

4. Samþ. að Kristján Sveinsson taki við erfðafestulandinu Fossvogsbl. LVI, skv. beiðni í brjefi, dags. 6. þ.m.
5. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 4. þ.m.
6. Útsvarsmál: Sigurður Sigurðsson db. Tún. 45, Þorbjörn Ólafsson Skúlag. 55, Þórður Stefánsson Leifsg. 13, Þóra G. Þorsteinsdóttir Garð. 16, Símon Jóh. Ágústsson, Sveinn Jón Ingvarsson db. Hringbraut 156, Sigríður Jónsdóttir Lvg. 45, Jón Ormsson Sjafn. 1, Ragnhildur Steindórsdóttir Ránarg. 21, Ólafur Einarsson Laugarnesv. 58, Kristinn Guðmundsson Mið. 8, Magnús Jónsson

Barón. 25, Jónas Þórarinnsson Hrafnabjörgum, Kanneworff H. Th. db. Frakk. 24, Elís Hannesson Spít. 1, Halldór Jónsson Nönnug. 5 a, Brynjólfur Erlingsson Höfðaborg 7, Gunnar Pálsson, Margrjet Carlsson Framn. 16., Bjarni Jónsson db., Holtsg. 35, Þorgeir Guðnason Skálh. 2, Júlíus Ingvarsson Hvg. 92 A, Kristinn I. Jónsson Einholti 11, Sigurður Betúelsson Bergsst. 55, Alfred G. Þórðarson Grjót. 14. B, Brynjólfur Einarsson Gund. 11, Sæfari h.f., Þorsteinn Þórðarson Sólnesi, Karl Giske Mánag. 22, Lárus Bjarnfreðsson Bald. 29, Vigfús Þorkelsson Lok. 9, Ingunn Magnúsdóttir db.

7. Eftir tillögu hitaveituforstjórans var samþykkt að auglýsa til umsóknar fjórar vjelstjórastöður við Hitaveituna.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson H. Guðmundsson

Sigfús Sigurhjártarson Helgi H. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 8. oktbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni um byggingu íbúðarhúss og alifuglahúss á erfðafestulandinu Sogamýri XVI.
2. Samþ. að leyfa byggingu alifuglahúss á Sogabletti XIV.
3. Borgarstjóra heimilað að skifta erfðafestulandinu Þormódsstaðabletti, þannig að nýju mörkin takmarkist af veginum, sem lagður hefir verið yfir landið. Bæjarverkfræðingur skýrði frá því, að erfðafestuhafar hafi boðið að leggja til vegastæðið án endurgjalds.
4. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 5. þ.m.
5. Lögð fram beiðni frá Sig. Benediktssyni um leyfi til að reisa blaðsöluturn á Lækjartorgi. Vísað til ath. bæjarverkfræðings.
6. Lögð fram umsókn Þórðar Þorsteinssonar Hafn. 20 og Jóns Magnússonar Tjarn. 37 um leyfi til að setja upp blaðsöluturna í bænum. Vísað til ath. bæjarverkfræðings.
7. Lagt fram brjef frá hjeraðslækni, dags. 6. þ.m., með frv. að heilbrigðissamþ. fyrir Reykjavík, ásamt athugasemdum læknisins og þremur fylgiskjölum.
8. Lagt fram brjef frá Guðrúnu Guðlaugsdóttur, Freyjug. 37, varðandi viðskifti hennar við skólastjóra Gagnfræðskóla Reykvíkinga, út af umsókn um skólavist 2ja nemenda á hennar vegum. Ákveðið að fá umsögn skólanefndarinnar um málið.
9. Lögð fram tillaga Jóns A. Péturssonar, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær, varðandi gjaldskrá hitaveitunnar fyrir heimæðar, svo og lántöku til greiðslu kostnaðar við lagningu heimæðanna. Fyrri lið tillögunnar vísað til forstjóra hitaveitunnar til umsagnar.
10. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um eftirlit með hitanotkun dagana 29. f.m. til 5. þ.m.

11. Lögð fram tillaga Steinþórs Guðmundssonar, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær, varðandi ráðstafanir til að bæta úr vandræðum vegna skorti á vatni og rafmagni.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjártarson

Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 15. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram frv. að lögum um breytingu á lögum nr. 1, 26. mars 1924, um brunatryggingar í Reykjavík. Bæjarráð mælir með því, að slíkt frv. verði að lögum og óskar þess að þingmenn kaupstaðarins beri málið fram á Alþingi.
2. Samþ. með 3:2 atkv. að selja Nikulási Friðrikssyni eftirlitsmanni bifreið, er Rafmagnsveitan hefir nýlega fengið keypta hjá skilanefnd bifreiðaeinkasölnunar, fyrir kostnaðarverð.
3. Synjað erindi frá Guðmundi E. Árnasyni Digranesbl. 51, um rafmagnsheimtaug að húsi hans.
4. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um raflýsingu við Hafnarfjarðarveg, að Leynimýri. Vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
5. Synjað beiðni um [að] bæjarsjóður kosti að hálfu vatnsleiðslu að húsinu Leynimýri.
6. Lagt fram eftirrit af brjefi rafmagnsstjóra til sakadómara, dags. 14. þ.m., þar sem kærð er rafmagnsnotkun til hitunar á tímabilinu kl. 10⁴⁵ - 12 hjá 9 notendum. Bæjarráð er samþykkt kærinni.
7. Samþ. að leyfa Bernhard Petersen, Skála, að byggja viðbót úr timbri og járn, með múrhúð, á erfðafestulandinu Háþéjarbletti.
8. Boðinn forkaupsrjettur að hálfu erfðafestulandinu Sogamýri II, ásamt húseigninni Merkisteini, fyrir kr. 25.300. - Hafnað.
9. Eftir beiðni Halldórs Björnssonar, Karlag. 12, var samþ. að gera leigusamning um lóðin Háteigsveg 24 við Jóhann Ingvarson.
10. Samþ. að gefa Sveinbirni H. Pálssyni Hvg. 90, kost á leigulóðinni Kambsvegi 21.
11. Samþ. að leigutími lóðarinnar nr. 1 við Langholtsveg verði ákveðinn 25 ár.
12. Samþ. með 3:2 atkv. að leyfa Þórði Þorsteinssyni og Jóni Magnússyni að reisa blaðsöluturn á Óðinstorgi, eftir nánari tilvísun bæjarverkfræðings og enda samþykki bæjarráð útlit turnsins.
13. Eftir tilmælum póst- og símamálastjóra í brjefi, dags. 8. þ.m., var borgarstjóra falið að tilnefna mann, er taki til athugunar, ásamt fulltrúa póststjórnarinnar og

h.f. Strætisvagna Reykavíkur rekstur fjelagsins, ástand vagnanna og hirðingu o.s.frv., og gera tillögur til úrbóta á þeim göllum, sem rannsókn kynni að leiða í ljós.

14. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar, dags. 13. þ.m., með umsögn um byggingarleyfisbeiðni á lóðinni Rauðarárstíg 3. Samþ. að senda h.f. Egill Vilhjálmsyni umsögnina.
15. Bæjarráð neitar að greiða reikning frá auglýsingaskrifstofu E.K. fyrir að teikna kort af Reykjavík, eftir beiðni framkvæmdarstjóra loftvarnarnefndar.
16. Samþ. að fá umsögn heilbrigðisnefndar um tilboð Aðalsteins Jóhannssonar um rottueyðingu nú í haust ogvetur.
17. Bæjarráð ákveður að fá umsögn Skipulagsnefndar um beiðni til að reisa hús á baklóðinni Laugaveg 48 B.
18. Lögð fram umsögn skólanefndar Gagnfræðaskóla Reykvíkinga um erindi Guðrúnar Guðlaugsdóttur Freyjug. 37, er lagt var fram á síðasta bæjarráðsfundi.
19. Lagt fram brjef frá Eiríki Ormssyni Lauf. 34 varðandi fasteignamat á eignum hans.
20. Lagt fram frv. til laga um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar. Bæjarráð er samþykkt frv. og æskir þess að þingmenn kaupstaðarins beiti sjer fyrir lagasetningu samkv. frv.
21. Samþ. að greiða Mangúsi Þorsteinssyni innhm. laun skv. VII. flokki og Jóni Daníelssyni innh. laun skv. VIII. flokki launasamþykktarinnar.
22. Erindi Taflfjelags Reykjavíkur um afnot af húsnæði í Hótel Heklu nú á næsta vetri, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
23. Lögð fram umsókn um bæjarverkfræðingsembættið frá Bolla Thoroddsen verkfr. Aðrar umsóknir hafa ekki borist.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjartarson
Helgi H. Eiríksson Jakob Möller
Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 22. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Petta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Einari Eyjólfssyni, dags. 7. þ.m., varðandi gangrjettindi yfir erfðafestulandið Laugamýrarbl. IV, að landsspildun Júlíusar Þorbergssonar. Frestað til athugunar.
2. Lagðar fram umsóknir um vjælgæslustörf við hitaveituna.
3. Synjað beiðni h.f. Neista um leigu á lóðarspildu milli Skúlagötu og Laugavegar 159.
4. Borgarstjóra heimilað að gera nýjan leigusamning um lóð kexverksm. Esju við Þverholt með breyttum lóðarmörkum. Lóðin verður 1760.4 ferm., en var áður 1685 fem.
5. Borgarstjóra heimilað að gera leigusamning við Sigfús Blöndal um landssvæðið við Haga, sem hann hefir haft not af undanfarið.
6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Bollagötu 4 við Matthías Hreiðarsson.
7. Lögð fram beiðni Sigfúsar Bjarnasonar Hafn.10-12, um lóð undir verksmiðju-byggingu við Laugaveg. Svæðið er nú leigunumið af setuliðinu.
8. Beiðni frá Byggingarfelagi Prentara um lóðir á Melunum vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.
9. Lögð fram beiðni frá Landssmiðjunni um hentugt landsvæði til starfseminnar við Elliðaárvog.
10. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í septbr.
11. Samþ. að gera leigusamning við Jón Þorbjörnsson járnsmið um lóð, er hann hefir reist hús á við Gelgjutanga, en h.f. Keili hafði verið gefinn kostur á lóðinni.
12. Lagt fram brjef frá húsaleigunefnd, dags. 21. þ.m., varðandi yfirtöku hermanna-skála, sem setuliðsstjórnin lánar handa húsnaðislausu fólki. Borgarstjóra falið að svara brjefinu.
13. Sigurður Briem fyrv. póstmálastjóri óska þess að verða leystur frá störfum sem endurskoðandi Músiksjóðs Guðjóns Sigurðssonar.

14. Finnur Viggó Björnsson Reykjavíkurvegi 4, Hafnarfirði, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
15. Nemendasamband Kvennaskólans í Reykjavík sækir um 30 þús. króna styrk á næsta ári til byggingar fimleikahúss við skólann.
16. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um eftirlit með rafmagnshitun vikuna 6. - 13. þ.m.
17. Borgarstjóra heimilað að semja við Loft Guðmundsson ljósmyndara um myndatökur fyrir bæinn á grundvelli tilboðs í brjefi Lofts, dags. 9. þ.m.
18. Lögð fram tilboð í fyrirhugaðar íbúðarhúsaþbyggingar á Melunum, sunnan Hringbrautar 137-147. Ákvörðun frestað.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller Jón Axel Pétursson

Sigfús Sigurhjártarson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 29. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Páls J. Briem Hátúni 27 um leyfi til að setja upp minkagirðingu á Laugalandi við Þvottalaugarnar.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti I fyrir kr. 3500. - Hafnað.
3. Lögð fram beiðni frá Gísla Þorkelssyni, um að viðbygging við hús hans á Laugamýrarbl. XXXVII megi standa í allt að 30 ár. Erindinu synjað með tilvísun til fyrri samþykktu bæjarstjórnar.
4. Bæjarráð synjar að svo stöddu erindi frá h.f. Keili um að fá viðbótarland á leigu, suður af landi fjelagsins við Gelgjutanga.
5. Erindi frá íbúum við Langholtsveg og nágrenni um betra samband við vatnsæðar bæjarins, vísað til forstjóra Vatns - og hitaveitunnar til umsagnar.
6. Samþ. að afsala lóðinni nr. 1 við Hrístateig til sóknarnefndar Hallgrímssóknar í stað lóðarinnar nr. 27 við Flókagötu, sem nefndinni hafði áður verið gefinn kostur á.
7. Samþ. að gefa Jóhanni Indriðasyni kost á leigulóð við Sogaveg 158 til 25 ára.
8. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar 28. þ.m., varðandi byggingu á baklóðinni nr. 48 b. við Laugaveg. Bæjarráð telur ekki unnt að veita byggingarleyfið.
9. Lögð fram umsögn hitaveituforstjóra um tillögur Jóns A. Péturssonar á fundi bæjarstjórnar 7. þ.m., varðandi heimæðargjald hitaveitunnar. Bæjarráð telur, með 3:1 atkv., ekki reytt að breyta gjaldskránni skv. tillögunni.
10. Lagt fram brjef frá Fjelagi ísl. rafvirkja,dags. 28. þ.m., varðandi ráðningu vjalgæslumanna við hitaveituna.
11. Lagðar fram umsóknir um vjalgæslustörf við hitaveituna, svo og umsögn hitaveituforstjórans. Samþykkt með samhlj. atkv. að ráða Höskuld Ágústsson, Ljósafossi, sem yfirvjelstjóra, en þá Sigurð G. Sigurðsson Mjólnish. 10, Örn Steinson Hringbr. 68 og Sigurjón Jónsson Njálsg. 35, sem vjalgæslumenn.

12. Lagt fram brjef frá Timburverslun Árna Jónssonar, dags. 25. þ.m., með beiðni um að afrennslisvatn húsanna 54 og 56 við Hverfisgötu megi renna um timburgeymslur firmans, áður en það rennur í skolpleiðslur. Frestað að taka ákvörðun um málið.
13. Lagt fram brjef frá fræðslumálafulltrúa bæjarins með upplýsingum um handavinnukennslu í Laugarnesskólaunum nú í vetur.
14. Skógræktarfelag Íslands sækir um 10.000 kr. fjárveitingu á þessu ári úr bæjar-sjóði til undirbúnings trjáræktar á íþróttasvæðinu sem fyrirhugað er í Laugar-dalnum. Bæjarráð mælir með erindinum.
15. Bæjarráð mælir með því, að lögum um lögreglumenn verði breytt í það horf, að ríkissjóður greiði öll laun lögregluþjóna í kaupstöðum og kauptúnum á sama hátt og löggæsla í sveitum er greidd úr ríkissjóði.
16. Lögð fram matsgerð á endurkaupsverði erfðafestulandanna Norðurmýrarbl. XIV, XIX og XXIII.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

Sigfús Sigurhjartarson Jón Axel Pétursson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 5. nóvbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Ákveðið að afturkalla eftirfarandi lóðaúthlutanir, með því að ekki hefir verið hafist handa um byggingu á lóðunum: Langholtsvegur 26, Hjallavegur 19,28,30. Hólsvegur 11. Hrístateigur 12. Kambsvegur 5.
2. Hilmar Árnason afsalar sjer lóðinni nr. 60 við Langholtsveg.
3. Samþ. þessi lóðaúthlutun, með því skilyrði að byrjað verði á byggingum á lóðunum fyrir næstk. áramót:

Páll Sigurgerisson Hlíðarv. 15	fær	Efstasund	8
Sigurður Jónasson Valfells	“ “	“ “	9
Guðmundur Tómasson Njg. 110	“ “	“ “	21
Indriði Níelsson Lvg. 38	“ “	Flókagötu	43
Árni Sigurðsson Brag. 33 a	“ “	Háteigsveg	22
Þórhallur Stefánsson Njg. 7	“ “	Hjallaveg	48
Gissur Sigurðsson Hátúni 25	“ “	“ “	52
Hilmar Árnason Lanhv. 65	“ “	Hrisateig	16
Guðm. Guðgeirsson Hvg.. 119	“ “	Kambsveg	27
Kristján Asgeirsson Reyk. 54	“ “	“ “	31
Jóhann Gr. Sigurðsson Baugsv. 3 a	“ “	Langholtsv.	54
Ásgrímur Ágústsson Grett. 54	“ “	“ “	62
Guðm. Guðjónsson Lauf. 48	“ “	Mjóuhlíð	14
Þorsteinn Jóhannesson Eir. 33	“ “	“ “	16

4. Lögð fram umsögn forstjóra Vatns- og hitaveitunnar um erindi íbúa við Langholtsveg um vatnsveitu í veginn. Bæjarráð felur forstjóranum að hefja undirbúning um kaup á efni til leiðslunnar.
5. Lagt fram brjef frá íþróttaráðunaut bæjarins, dags. 29. f.m., varðandi kostnaðaráætlun um aðgerðir á Sundlaugunum. Vísað til húsameistara og bæjarverkfræðings til umsagnar.
6. Skíðafjelagið fer fram á 5000 kr. styrk til raflýsingar á Skíðaskálnum í Hveraldölum.

7. Gunnar Þorsteinsson bæjarfltr. óskar þess að verða leystur frá störfum í loftvarnanefnd.
8. Gunnar Th. Þorsteinson og Ulrich Richter sækja um leyfi til að hafa sælgætis-söluskúr í Hljómskálagarðinum nú í vetur. Erindinu synjað.
9. Dóms-og Kirkjumálaráðuneytið tilkynni með brjefi, dags. 30. f.m., að ekki sje talin ástæða til að verða við tilmælum bæjarstjórnar um að henni verði fengin umráð kirkjugarðanna. Bæjarráð óskar að því verði gefin kostur á, að kynna sjer umsagnir þeirra aðila, sem ráðuneytið bar málið undir.
10. Bæjarráð vill ekki sinna beiðni Jóns Brynjólfssonar um kaup á jörðinni Vatnsholti í Villingaholtshreppi.
11. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningastofunnar í oktbr.
12. Sósíalistafjelag Reykjavíkur sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi hjer í bænum.
13. Lagt fram brjef frá stjórn Thorvaldsenfjelagsins, dags. 29. oktbr., varðandi stað fyrir barnahæli.
14. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um eftirlit með hitunarbanni vikurnar 14.-27. oktbr.
15. Bæjarráð getur ekki, að svo stöddu orðið við beiðni Filippusar Guðmundssonar um að fá lagðar rafmagnsheimtaug að húsi hans í Selásnum.
16. Lagt fram brjef frá nokkrum starfsmönnum innlagningardeildar Rafmagnsveitunnar með beiðni um að fá hlíðarföt. Erindinu synjað.
17. Tilmælum nokkurra línumanna Rafmagnsveitunnar um að fá leyfi til að bera einkennishúfu Rafmagnsveitunnar, vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
18. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að ráða Óskar Petersen Bárug. 33 sem starfsmann við línukerfið, með launum ksv. IX. flokki.
19. Samþ. að setja Halldór Pálsson iðnfr. sem lóðarskráritara frá 1. janúar næstk. að telja.
20. Höskuldur Ágústsson, sem ráðinn hefir verið yfirvjestjóri við hitaveituna, sækir um ársfrí frá störfum við Rafmagnsveituna. Bæjarráð lítur svo á, að með ráðningu Höskuldar til hitaveitunnar hafi starf hans við Rafmagnsveituna losnað.
21. Sigurjón Jónsson Njg. 35, tilkynnir að hann muni ekki, við nánari athugun, geta tekið við vjeldgæslustarfi við Hitaveituna.

22. Lagt fram brjef frá stjórn Landbankans dags. 5. þ.m. Bæjarráð leggur til með 3:1 atkv. að tekin verði skuldabryfalán vegna aukninga Sogsvirkjunnar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur, með þeim skilmálum, er í brjefi bankans greinir, þannig:
- Sogsvirkjunin: 4% lán til 20 ára, að upphæð kr. 6.000.000. - Endurgreiðist með jöfnum árlegum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Abyrgð ríkissjóðs tilskilin á þessu láni.
- Rafmagnsveitan: Lásupphæð kr. 5.400.000.- Arsvextir 4% Endurgreiðist á 10 árum með jöfnum árlegum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Rafmagnsveitan verði sett að veði fyrir þessu láni á eftir áhvílandi skuldum. Bankinn ábyrgist sölu allra skuldabryfa leggja lánanna fyrir nafnverð gegn 2% þóknun.
23. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 3. þ.m., með tillögum um bráðabirgðabreytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitunnar vegna rafmagnsskorts.
24. Rætt um Hitaveituna, stofnkostnað hennar og væntanlega gjaldskrá.
25. Lögð fram áskorun Mæðrafjelagsins 28. f.m., um að ætlað verði húsnæði fyrir dagheimili og leikskóla barna í fyrirhuguðum íbúðarhúsum bæjarins á Melunum.
26. Lagt fram frumvarp til laga um skipulag Reykjavíkurbæjar. Meirihl. bæjarráðs mælir með því, að slíkt frv. verði samþykkt og óskar þess að þingmenn bæjarins beiti sjer fyrir því á Alþingi. Jón A. Pétursson lýsti sig andvígan frumvarpinu, eins og það er úr garði gert.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Helgi H. Eiríksson Jón Axel Pétursson

Sigfús Sigurhjartarson Guðm. Ásbjörnsson

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 12. nóvbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Kristínu Vigfúsdóttur að byggja bílskúr úr holsteini á erfðafestulandinu Laugárásbletti I.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Leynimýrarbl. II. fyrir kr. 34.000. - Hafnað.
3. Synjað beiðni um leyfi til viðbótarbyggingar á lóðinni Langholtsvegi 3.
4. Samþ. frv. að lóðaleigusamningi um leigulóð Mjólkursamsölunnar nr. 162 við Laugaveg.
5. Ákvörðun um leigusamning um iðnaðarlóð h.f. Trjesmiðjunnar við Brautarholt 30.
6. Lögð fram beiðni Ingjalds Jónssonar, Miðtúni 62, um að fá leigða Álfheimastöðina.
7. Bæjarráð getur ekki fallist á tillögu lögreglustjóra um að einstefnuakstur verði ákveðinn í Tryggvagötu.
8. Lagt fram brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 10. þ.m., með fylgiskjölum, umsögnum er bæjarráð óskaði að kynnast, sbr. fundargerð 5. þ.m., 9. lið
9. Lagt fram og samþ. frv. að leigusamningi um húsin Eiríksgötu 37 og Hringbraut 78, við barnavinafjel. Sumargjöf.
10. Lagt fram brjef oddvitans í Mosfellshreppi varðandi nýja útgáfu markaskrár.
11. Samþ. að verða við tilmælum hjeraðslæknis um greiðslu verðlagsuppbóta af bifreiðastyrk.
12. Samþ. að leggja til að Tónlistaskólanum verði greiddur 5000 kr. viðbótarstyrkur á þessu ári.
13. Lagðir fram reikningar Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Sogsvirkjunarinnar og Gasstöðvarinnar árið 1942.

14. Samþ. að gefa Thorvaldsensfjelaginu kost á ca. 2.7 ha. lóð undir barnahæli í Ártúnslandi, eftir nánari útvísun síðar.
15. Beiðni frá Emil Otto Bjarnasyni um rafmagn í bakhús við Fálkag. 32. vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
16. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að flytja Árna Magnússonar spennistöðvarsetjara úr VIII. í VII. flokk launasamþykktarinnar.
17. Erindi frá íbúum við Stórholt og Háteigsveg um betri götulýsingu vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
18. Lagt fram erindi frá búendum við Seljalandsveg um götulýsingu og umsögn rafmagnsstjóra. Vegna efnisskorts er ekki unnt að verða við erindinu að svo stöddu.
19. Erindi dómprófastsins í Reykjavík um betri lýsingu á klukkunni í turni Dómkirkjunnar vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra.
20. Eftir tillögu hitaveituforstjórans var samþ. að ráða Ásmund Friðriksson Brekk. 16 sem vjalgæslumann við hitaveituna.
21. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að ráða Óskar Eggertsson, Frakk. 26 b, til vjalgæslu við Ljósafoss, í stað Höskuldar Ágústssonar.
22. Lögð fram matsgerð undirmatsmanna á eignarnámsverði Grafarholts og sölumati Varmár og Lágafells. Bæjarráð ákveður að áfrýja matinu.
23. Bæjarráð mælir með því að lög verði sett nú, tilsvareandi lögum nr. 15/1943 um heimild til útsvarsinnheimtu.
24. Samþ. að gefa Sigurvini Einarssyni kost á lóðinni Mjóahlíð 2-4.
25. Samþ. að gefa Sigurjóni Kristjánssyni Höfðaborg 50 kost á lóðinni nr. 60 við Langholtsveg.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller
Helgi H. Eiríksson Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjártarson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, miðvikudaginn 17. nóvbr., kl. 10 f.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Rætt um gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykjavíkur og var lögð fram greinargerð forstjórans, dags. 15. þ.m. Bæjarráð leggur til, að fallist verði á þær aðaltillög forstjórans:

að gjaldskrá fyrir sölu heita vatnsins verði miðuð við 180 kr. kolaverð pr. tonn,

að helmingur hitunarkostnaðar hvers húss verði heimtur sem fastagjald skv.

áæltun hitaveituforstjórans um hitapörf húsa í meðalári,

að tímabilið 14. maí til 30. septbr. verði gjaldið helmingi lægra.

Var hitaveituforstjóranum falið að semja frv. að gjaldskrá skv. þessum frumdráttum.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Sigfús Sigurhjartarson

Jón Axel Pétursson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 26. nóvbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Sveinn Gunnarsson, Óð. 1 sækir um leyfi til að reisa bragga til verkfæra- og hegyeymslu á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XXI. Synjað.
2. Alifuglabú Bakarameistara h.f. sækir um leyfi til að reisa alifuglahús úr vikurholsteini á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLVI. Samþykkt.
3. Samþ. að h.f. Björn Ólafsson megi fresta til næsta vors að hefja byggingarframkvæmdir á iðnaðarlóð við Suðurlandsbraut, er fjelaginu hefir verið gefinn kostur á.
4. Samþ. að gefa Bakarameistarafjelagi Reykjavíkur kost á lóðinni Skúlatúni 6, til að reisa á henni sameiginlegt brauðgerðarhús.
5. Erindi h.f. Stálsmiðjunnar, dag. 18. þ.m., varðandi leigu á lóð undir skipa- byggingabraut vísað til hafnarstjórnar. Jafnframt var borgarstjóra heimilað að hafa á umræddri lóð makaskifti við hafnarstjórn og lóð við Ingólfsstræti, eftir nánari samkomulagi.
6. Kirkjugarðsstjórn Reykjavíkur tilkynnir að samkomulag hafi orðið við Bál- farafjelag Íslands um byggingu bálstofu í Kirkjugarðinum í Fossvogi. Vegna þessa samkomulags sækir stjórnin um 100 metra breiða skák meðfram allri norðvesturhlið garðsins. Samþ. með 3:1 atkv. að verða við beiðninni.
7. Samþ. að innheimta ekki fasteignaskatt til bæjarsjóðs af sjóvarnargörðum og bryggjum Reykjavíkurhafnar.
8. Bæjarverkfræðingi falið að láta gera tillöguuppdrátt að skýli á Lækjartorgi.
9. Borgarstjóra heimilað að taka úr leigu barnaleikvöllinn við eldri verkamanna- bústaðina, á milli Hofsvallagötu og Bræðraborgarstígs.
10. Samþ. tillaga bókavarðar Bæjarbókasafnsins um að greiða húsaleigu eftir lessal, sem safnið hefir not af í verkamannabústöðunum við Ásvallagötu.
11. Borgarstjóra heimilað að semja við Aðalstein Jóhannsson um eyðingu á rottum nú í vetur.
12. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 16. þ.m.

13. Samþ. að Einar Guðnason starfsm. Rafmagnsveitunnar verði fluttur í 8. launaflokk.
14. Samþ. með 3:2 atkv. að mæla með því, að rafmagnsheimtaug verði lögð að Selásbletti 3. Málinu vísað til bæjarstjórnar.
15. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að gefa Sveinbirni Kristjánssyni kost á næturrafmagni til hitunar í húsi hans við Skúlagötu.
16. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um eftirlit með hitunarbanni vikuna 5. - 11. þ.m.
17. Lagðar fram tillögur rafmagnsstjóra um sameiningu á innheimtu rafmagns- og hitaveitugjöldum. Bæjarráð samþykkir tillögurnar að aðalefni til og felur rafmagnsstjóra og hitaveitustjóra að reyna þær í framkvæmd.
18. Lagt fram brjef frá verkamannafjelaginu Dagsbrún, dags. 18. þ.m., varðandi brottvikningu manns úr hitaveituvinnu 28. f.m. Borgarstjóra falið að svara erindinu.
19. Lögð fram skýrsla um starfsemi Vetrarhjalparinnar veturinn 1942-1943.
20. Samþ. að óska þess að Stefán A. Pálsson veiti starfsemi Vetrarhjalparinnar forstöðu nú í vetur, með sama hætti og undanfarandi ár.
21. Samþ. að veita Barnavinafjel. Sumargjöf 30 þús. króna lán úr bæjarsjóði til að koma upp barnaheimili í hinu nýja húsnæði við Eiríksgötu 37 og Hringbraut 78.
22. Ingibjörg Jónsdóttir Bergþ. 2 sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi.
23. Lögð fram tillaga Gunnars Þorsteinssonar, sem vísað var til bæjarráðs á síðasta bæjarstjórnarfundi, varðandi innheimtu hitaveitugjalda.
24. Lögð fram tillaga Katrínar Pálsdóttur um eftirlit með bráðabirgðahúsnæði, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 18. þ.m. Í nefndina voru skipuð Guðmundur Ásbjörnson af hálfu Sjálfstæðisflokksins, Katrín Pálsdóttir af hálfu Socialistaflokksins. Jón A. Pétursson kvaðst muni tilkynna borgarstjóra tilnefningu af hálfu Alþýðuflokksins.
25. Lagt fram brjef frá húsaleigunefnd, dags. 11. þ.m., varðandi hreinlætiseftirlit í Álfheimahverfi við Sundlaugaveg, svo og brjef frá Magnúsi V. Jóhannessyni dags. 18. þ.m. Málinu vísað til nefndarinnar, sem skipuð er skv. 24. lið.
26. Erindi Ármanns Kr. Einarssonar ofl. lögregluþjóna dags. 10. þ.m., varðandi greiðslu aldursuppbóta, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
27. Lagðar fram umsóknir um þrjár auglýstar ljósmæðrastöður frá 10 ljósmæðrum.

- 28. Umsókn hanskaverskm. Rex um lóð undir sítunarverksmiðju vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

BÆJARRÁÐ.

Fundi slitið.

Ár 1943, föstudaginn 3. desember, kl. 5 e.h. hóf bæjarráðið fund / fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Bjarni Benediktsson

Gunnar Thoroddsen Helgi H. Eiríksson

Jón Axel Pétursson Björn Bjarnason

Jakob Möller

1. Boðan forkauparjónna að eiginlegum kaupverðum IX tyru umsonið eðurkaupverð. Hafnað.
2. Sýndi beiðni um erðfestalsað í „Hálmaból“.
3. Lögð fram umsókn frá h.f. Skínafaxa um lóðarlóð við Kleppavík.
4. Lögð fram matsgerð 4 ársleigu lóðarinnar Höfðabúen 12, leigutaki h.f. Aokja.
5. Lögð fram matsgerð lóðarmatsnefndar 4 stöluverð 423 ferm. lóðarspáðu við Rauðartréttfíg, stíðað h.f. Ísaga til kaupa, sbr. fundargerð bæjarráðs í. októbr. 10. lið.
6. Samþ. frv. að lóðarsamningi við Pétur Guðmundsson, Þrárskóli við Blöngvöl.
7. Samþ. að heimila borgarstjóra að kaupa 4225 ferm. lóð við fyrirhugaða Skerplu-götu í Skúldinganesahlendi. Kaupverð kr. 2.76 fyrir lóðanna.
8. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 30. nóvbr. síðast.
9. Lagt fram brjef frá stjórn Pelka-kjósafundarinnar, dags. 4. Dez., varðandi fyrirhugaðan flening kirkjunnar skv. atkvæðingarráttvíl.
10. Lagt fram brjef frá Hinnari Sveinssyni skilskt, dags. 27. Dez., varðandi fyrirhugaðar byggingar gróðurtréa 4 lóðum í bænum.
11. Lögð fram brjef frá Højgaard & Schultz A.S. dags. 4. sepbr., og 30. nóvbr. varðandi greiðslu bóta fyrir þygn og verkamenn hífni við að vinna skýla þann síðastl. vor.
12. Lagt fram brjef frá A.S. Højgaard & Schultz dags. 2. jún., varðandi sölu á borunarpípum, sem liggja í København. Borgarstjórn hóf að eigna þessum.
13. Lagt fram brjef frá A.S. Højgaard & Schultz, dags. 25. jún., um lóðnað við hlauteitnaframskráningu.
14. Lögð fram tilkynning fjelagsmálaráðgjafarinnar, dag. 2. jún., varðandi lóðnað 4 heilbrigðisgjaldskrá Ráðgjafarveitunnar.

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 3. desember, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti IX fyrir umsamið endurkaupsverð. Hafnað.
2. Synjað beiðni um erfðafestuland í „Hólmsheiði“.
3. Lögð fram umsókn frá h.f. Skinnfaxes um iðnaðarlóð við Kleppsvík.
4. Lögð fram matsgerð á ársleigu lóðarinnar Höfðatún 12, leigutaki h.f. Askja.
5. Lögð fram matsgerð lóðarmatsnefndar á söluverði 423 ferm. lóðarspildu við Rauðarárstíg, ætlaða h.f. Ísaga til kaups, sbr. fundargerð bæjarráðs 1. oktbr., 10. lið.
6. Samþ. frv. að lóðarsamningi við Pétur Guðmundsson, Bjarkarlundi við Blesugróf.
7. Samþ. að heimila borgarstjóra að kaupa 4225 ferm. lóð við fyrirhugaða Skerplu-
götu í Skildinganeslandi. Kaupverð kr. 2.76 fyrir fermeter.
8. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 30. nóvbr. síðastl.
9. Lagt fram brjef frá stjórn Fríkirkjusafnaðarins, dags. 4. f.m., varðandi fyrir-
hugaðan flutning kirkjunnar skv. skipulagsuppdraetti.
10. Lagt fram brjef frá Einari Sveinssyni arkitekt, dags. 27. f.m., varðandi fyrir-
hugaðar byggingar gróðurhúsa á lóðum í bænum.
11. Lögð fram brjef, frá Höjgaard & Schultz A.S. dags. 4. septbr., og 30. nóvbr.
varðandi greiðslu bóta fyrir tjón er verkamenn biðu við að vinnuskúr brann
síðastl. vor.
12. Lagt fram brjef fra A.S Höjgaard & Schultz dags. 2. þ.m., varðandi sölu á
borunarpípum, sem liggja í Köbenhavn. Borgarstjóra falið að svara brjefinu.
13. Lagt fram brjef frá A.S Höjgaard & Schultz, dags. 25. f.m., um kostnað við
hitaveituf framkvæmdirnar.
14. Lögð fram tilkynning fjelagsmálaráðuneytisins, dag. 2. þ.m., um staðfestingu á
bráðabirgðagjaldskrá Rafmagnsveitunnar.

- 15. Lagt fram brjef frá Fjelagi íslenskra prentsmiðjueigenda, dags. 3. þ.m., þar sem kvartað er yfir rafmagnsskorti.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson

Sigfús Sigurhjartarson Helgi H. Eiríksson

Jakob Möller

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 10. desbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Rætt um frv. að gjaldskrá fyrir hitaveituna. Forstjórinn leggur til að leiga fyrir vatnsmæla verði ákveðin á mánuði: Fyrir allt að $3/4^h$ mæla 3 krónur, en fyrir 1^{II} mæla og stærri 10 krónur. Tillöggunni vísað til bæjarstjórnar.
2. Lögð fram tilkynning um að Bjarney Halldóra Bjarnadóttir hafi eignast erfðafestulandið Sogablett IX fyrir arfsal. Bæjarráð samþykkir að hún verði erfðafestuhafi.
3. Þórður Þorsteinsson Reykjav. 25 og Jón Mangússon Tjarn. 37 ítreka beiðni sína um að fá sjerleyfi fyrir að setja blaðasöluturn á Lækjartorgi.
4. Lóðin, sem Bakarameistarafjelaginu er gefinn kostur á, er nr. 6 við Borgartún en ekki nr. 6 við Skúlatún eins og bókað var á fundi bæjarráð 26. nóvbr., 4. lið.
5. Tilboði frá fulltrúaráði Sjálfstæðisfjelaganna um sölu á áhorfendabekkjum til Sundhallarinnar, vísað til forstjóra Sundhallarinnar til afgreiðslu.
6. Samþ. að leigja hestamannafjel. Fák gripahúsin í Tungu endurgjaldslaust til 5 ára, frá 15. sept. 1943 að telja enda geri fjelagið nauðsynlegar endurbætur á húsunum á sinn kostnað.
7. Lagt fram brjef, dags. 9. þ.m., frá Verkfræðingafjelagi Íslands, varðandi stofnun rannsóknarstöðvar fyrir allskonar byggingarefni. Bæjarráð samþykkir að tilnefna mann eða menn til að vinna að undirbúningi málsins með fulltrúum frá Verkfræðingafjelaginu, og verði kostnaður greiddur úr bæjarsjóði.
8. Samþ. að fela gasstöðvarstjóra að semja við O. Johnsson og Kaaber um kaup á gaskolafarmi snemma á næsta ári, eftir því sem þörf krefur.
9. Svohlj. tillaga gerð til bæjarstjórnar:

Bæjarstjórn veitir borgarstjóra fullt og ótakmarkað umboð til þess að setja ríkissjóði tryggingu í öllum eignum Sogsvirkjunarinnar, næst á eftir áhvílandi veðskuldum, fyrir ábyrgð ríkisjóðs á 6 milj. króna láni, sem tekið verður til stækkunar fyrirtækisins, skv. ályktun bæjarstjórnar 18. nóvbr. síðastl. Nær umboðið til þess að undirrita hverskonar tryggingarbrjef eða veðbandsyfirlýsingar.

10. Samþ. að skipa Sólveigu Pétursdóttur sem skrifara í bæjarskrifstofunum með launum skv. XII. flokki.
11. Samþ. að greiða Matthíasi Matthíassyni Traðarkotssundi 6 laun sem 2. flokks línumanni hjá Rafmagnsveitunni, skv. VIII. launaflokki.
12. Lagt fram brjef frá Gísla Guðnasyni verkstjóra, varðandi greiðslu aukabóknunnar til nokkurra hreinsunarmanna, vegna breytingar á vinnutíma, þannig að vinna hefst kl. 6 árdegis. Vísað til borgarstjóra til athugunar.
13. Lagt fram brjef frá gasstöðvarstjóra, dags. 6. þ.m., með áætlun um tekjur og gjöld Gasstöðvarinnar á næsta ári, svo og tillögur um breytingar á rekstri stöðvarinnar.
14. Lagt fram brjef frá verkamannafjelaginu Dagsbrún, dags. 7. þ.m., varðandi burtvikningu tveggja manna úr bæjarvinnu. Samþ. að tilnefna bæjarverkfræðing í sáttanefnd um málið, skv. ákvæðum í 15. gr. samnings bæjarins við Dagsbrún.
15. Leigtími lóðar h.f. Próttar við Suðurlandsbraut ákveðinn 30 ár.
16. Lögð fram skýrsla rannsóknarlögreglunnar varðandi brot á brunaboðum í síðasta mánuði.
17. Útsvarsmál: Sigríður Halldórsdóttir Vegam. 3, Sigurður Jónsson Garð. 33, Hjalti Árnason Sogam. 42, Ingi Hallbjörnsson Karl. 3, Gunnar Halldórsson Bergþ. 27, Ingigerður Helgadóttir Hvg. 40, Jón Metúsalemsson Njg. 33 B, Sverrir Kristjánsson Grett. 82, Magnús Ólafsson Vesturv. 7, Bragi Kristjánsson Hringbr. 158, Guðmundur Guðmundsson Bárug. 39, Guðmundur Jónsson Öld. 26, Eiríkur Leifsson Sólv. 38, Óskar Björnsson Ásv. 60, Páll Sveinsson db. Pétur G. Steinsson Fram. 29, Helgi Hannesson Garðav. Engihlíð, Compensation Trade Co. hf, Guðmundur Kr. Þórðarson Lvg. 70 b., Ingólfur Sigurðsson Miðtúni 26, Kristján F. Guðmundsson Sólstöðum, Daníel Jónasson Flók. 12, Hjörleifur Zophoníasson Grund. 2 a, Jónas Sigurðsson Bráv. 8, Már Ríharðsson Grund. 15, Jónas M. Lárusson Kirkjuteig 5, Hróbjartur Lúthersson Austurbsk., Ólafur K. Sigurðsson Lvg. 24 c, Dósverksmiðjan h.f., Sæmundur Guðmundsson Kirk.2, Valdimar K. Árnason Vit. 9, Guðlaugur Þórðarson Lind. 60, Ólafur Benediktsson Túng. 43, Ragnar Jónasson Skarphj. 14, Páll M. Jónasson Skarphj. 14, Jónas Hákonarson Ásv. 10, Ragnar Kristjánsson Hringbr. 48, Guðmundur Björnsson Hvg. 68 a, Sveinjón Ingvarsson db. Hringbr. 156.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Sigfús Sigurhjártarson Helgi H. Eiríksson

BÆJARRÁÐ.

Ár 1943, föstudaginn 17. desbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að gefa Guðm. Þorkelssyni Kirkjutorgi 4 kost á leigulóðinni nr. 30 við Hjallaveg.
2. Samþ. að skipa Einar B. Pálsson sem deildarverkfræðing hjá bæjarverkfræðingi frá næstu áramótum, en Árna Daníelsson sem aðstoðarverkfræðing frá sama tíma.
3. Lagðir fram úrskurðir gerðardóms skv. lögum nr. 52/1943 um bætur til Mosfells- hrepps og Seltjarnarnesshrepps vegna innlimunar nokkurra jarða úr þessum hreppum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur skv. nefndum lögum.
4. Lagt fram brjef sýslumannsins í Gullbr. og Kjósasýslu, dags. 22. nóvbr. þ.á., með tilmælum um að bæjarstjórn greiði sýslusjóði Kjósasýslu bætur vegna breytinga á mörkum lögsagnarumdæmisins skv. lögum nr. 52/ 1943.
5. Lögð fram umsögn hérðaslæknis, dags. 13. þ.m., um umsóknir er borist höfðu um ljósmóðurstörf í bænum.
6. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í nóvbr.
7. Ingibjörg Jónsdóttir Bergþ. 2 ítrekar beiðni um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
8. Lögð fram tillaga Jóns A. Péturssonar varðandi endurbætur á bráðabirgða- húsnæði, er samþykkt var á fundi bæjarstjórnar í gær. Magnúsi V. Jóhannessyni fyrirframfærslufltr. falið að annast framkvæmdir.
9. Lögð fram brjef frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkurbæjar, dags. 15. þ.m., varðandi greiðslu aukaþóknunar til hreinsunarmanna. Málinu vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
10. Samþ. að auglýsa eftir garðyrkjuráðunaut, er m.a. geti leiðbeint bæjarbúum um gróðurhúsaræktun.
11. Beiðni Vilhjálmss Stefánssonar um rafmagnsheimtaug að Fálkag. 30 B vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.
12. Beiðni frá setuliðinu um rafmagn til reksturs þvottahúss á Defensorstöðinni vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

13. Lögð fram skýrsla um störf atvinnumálanefndar, sem skipuð var af bæjarráði 3. septbr. þá., skv. ályktun bæjarstjórnar 2.5.m.
14. Samþ. að leyfa Hirti Jónssyni að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Sogamýri XIV, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.
15. Erindi frá Ágúst Jónssyni Hlíðarenda, dags. 14. þ.m., um leigu á landi hjá Arnarholti á Kjalarnesi, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
16. Lagt fram brjef frá byggingarsamvinnufjel. Bláfell með beiðni um leigulóðir undir fyrirhugaðar íbúðarhúsabyggingar.
17. Erindi Almenna Byggingarfjelagsins h.f., dags. 14. þ.m., um lóðaafnot við Blönduhlíð, vísað til bæjarverkfræðings.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson

Helgi H. Eiríksson Sigfús Sigurhjartarson

Jakob Möller

